

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B98-102

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 98-102

Nr. 646-663

2003

Efnisyfirlit B 98-102 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
646	26. ágúst	Arðskrá fyrir veiðifélag Fjarðarhornsrár	2029
647	20. ágúst	Reglugerð um (9.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri	2029-2035
648	28. ágúst	Auglýsing um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2003-2004	2035
649	28. ágúst	Reglur um úreldingu sauðfjársláturhúsa á árunum 2003 og 2004	2036-2038
650	1. sept.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 444/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	2039
651	3. sept.	Reglur um úreldingu sauðfjársláturhúsa á árunum 2003 og 2004	2040-2042
652	2. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 69, 4. febrúar 2003, um veiðar úr úthafskarfastofnum 2003	2043
653	2. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Strandveg 7 og 2-10 í Sjólandi í Garðabæ	2043
654	25. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 705/2001 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti	2044-2048
655	25. ágúst	Reglugerð um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu	2049-2055
656	20. ágúst	Reglugerð um aldinsultur og sambærilegar vörur	2055-2059
657	29. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurböfn“ vegna Flensborgarhafnar í Hafnarfirði	2059
658	28. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi ræktunarlóðar á Neðra Hrísnesi, Borgarbyggð	2060
659	14. ágúst	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra	2060-2065
660	29. ágúst	Auglýsing um skipulagsmál í Grímsnes- og Grafningshreppi	2065
661	20. ágúst	Reglugerð um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum	2066-2069
662	20. ágúst	Reglugerð um gildistöku tiltekinnar gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum	2069-2091
663	25. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna, nr. 528 18. ágúst 1997, með síðari breytingum	2091-2092

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 2003

26. ágúst 2003

2029

Nr. 646

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Fjarðarhornsár.

Jörð	Einingar
Klettur	165
Seljaland	345
Fjarðarhorn	470
Múli	20
Samtals einingar	<u>1000</u>

Samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, staðfestist hér með, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli, ofangreind arðskrá Veiðifélags Fjarðarhornsár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

20. ágúst 2003

Nr. 647

REGLUGERÐ

um (9.) breytingu á reglugerð 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Við 10. undirlið, Bindiefni, kekkjavarnar- og storknunarefni, í D. lið 3. viðauka Aukefni bætist eftirfarandi skv. 256/2002/EB:

B133
Gutenberg

Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					Lágmarksinnihald mg/kg heilfóðurs	Hámarksinnihald		
E 535	Natríumferrosýanið (<i>Sodium ferrocyanide</i>)	$\text{Na}_4[\text{Fe}(\text{CN})_6] \cdot 10\text{H}_2\text{O}$	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Hámarksinnihald: 80 mg/kg NaCl (reiknað sem mínusjón ferrosýanfðs)	1.3.2006
E 536	Kalíumferrosýanið (<i>Potassium ferrocyanide</i>)	$\text{K}_4[\text{Fe}(\text{CN})_6] \cdot 3\text{H}_2\text{O}$	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Hámarksinnihald: 80 mg/kg NaCl (reiknað sem mínusjón ferrosýanfðs)	1.3.2006

2. gr.

Í 13. undirlitð, Örverur, í D. lið 3. viðauka Aukefni fellur niður tafla um örveru nr. 1 og í staðinn bætist við eftirfarandi skv. 256/2002/EB:

Örverur

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					Lágmarksinnihald CFU/kg heilfóðurs	Hámarksinnihald		
1	<i>Bacillus cereus</i> var. <i>toyoi</i> NCIMB 40112/ CNCM 1-1012	Efnablanda <i>Bacillus cereus</i> var. <i>toyoi</i> sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis	Eldskjúklingar	—	0.2×10^6	1×10^9	Í notkunarleifbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Má nota í fôðurböndur sem innihalda hin leyfðu hníslyf: natríummónensín, lasalósíð-natríum, natríumsalínómýsín, dekokínat, róbenidín, narasin og halófüginon.	7.10.2004

	Varphænur	—	$0,2 \times 10^9$	1×10^9	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun.	7.10.2004
	Kálfar	6 mánuðir	$0,5 \times 10^9$	1×10^9	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun.	7.10.2004
	Eldisnautgripir	—	$0,2 \times 10^9$	$0,2 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun. Magn <i>Bacillus cereus</i> var. <i>toyoi</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $1,0 \times 10^9$ CFU fyrir líkamsþyngd sem nemur 100 kg $0,2 \times 10^9$ CFU er bætt við á hver 100 kg líkamsþyngdar umfram það.	7.10.2004
	Kanínur til undaneldis	—	$0,1 \times 10^9$	5×10^9	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun. Má nota í fôðurböndur sem innihalda hið leyfða hnislalyf: róbenidín.	7.10.2004
	Eldiskanínur	—	$0,1 \times 10^9$	5×10^9	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun. Má nota í fôðurböndur sem innihalda hin leyfðu hnislalyf: róbenidín og salínómýsínmatríum.	7.10.2004

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					innihald CFU/kg heilföðurs	innihald heilföðurs		
E 1701	<i>Bacillus cereus</i> var. <i>toyoi</i> NCIMB 40112/ CNCM I-1012	Efnablandna <i>Bacillus cereus</i> var. <i>toyoi</i> sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis	Mjólkurgrísir	Tveir mánuðir	1×10^9	1×10^9	Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndu með því skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.	Án tímamarka
			Gylltur	Frá 1 viku fyrir got þar til vanið er undan	$0,5 \times 10^9$	2×10^9	Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndu með því skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.	Án tímamarka

3. gr.
Við 4. undirlitð Hnísalalyf, D hluta 3. viðauka Aukefni bætist eftirfarandi skv. 1041/2002/EB:

EBE-nr.	Nafn og skráningarnúmer einstaklings sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Dýrategund- eða flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ónnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis		
						magn	magn				
29	Phibro Animal Health, sprl	Nátríum Semduramicin (Semduramicin sodium) (Aviax 5%)	<p>Samsetning aukefnis: Nátríum Semduramicin 51,3 g/kg Sodium carbonate: 40 g/kg Mineral oil: 50 g/kg Sodium aluminosilicate 20 g/kg Soyabean mill run 838,7 g/kg</p> <p>Virk efni: $C_{15}H_{16}O_6N_5$ CAS númer 113378-31-7 Sodium salt of a monocarboxylic acid polyether ionophore framleitt af Actinomadura roseorufa (ATCC 53664)</p> <p>Skyld óhreinindi: Descarbozylsemduramicin: ≤ 2% Desmethoxysemduramicin: ≤ 2% Hydroxysemduramicin: ≤ 2% Total: ≤ 5%</p>	Eldiskjúklingur		mg/kg heilföðurs	mg/kg heilföðurs	20	25	Notkun bönnuð a.m.k. fimm dögum fyrir slátrun	1.6.2006

Við 7. lið Rotvarnarefni, D hluta 3. viðauka Aukefni bætist eftirfarandi skv. 1252/2002/EB:
4. gr.

EBE-nr.	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Dýrategund- eða flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					magn	magn		
					mg/kg heilföðurs			
1	Natriumbenzoar (Sodium benzoate) 140 g/kg Propionsýra (Propionic acid) 370 g/kg Natriumpropionar (Sodium propionate) 110 g/kg	Samsetning aukefnis: Natriumbenzoar 140 g/kg Propionsýra 370 g/kg Natriumpropionar 110 g/kg Vatn 380 g/kg Virk efni: Natriumbenzoar C ₇ H ₅ O ₂ N ₃ Propionsýra C ₃ H ₆ O ₂ Natriumpropionar C ₃ H ₄ O ₂ N ₃	Svín		3 000	22 000	Til notkunar í korni með meira en 15% raka.	1.8.2006
			Mjólkurkúr		3 000	22 000	Til notkunar í korni með meira en 15% raka.	1.8.2006

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og í samræmi við reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar nr. 256/2002/EB, 1041/2002/EB og 1252/2002/EB sem vísað er til í II. kafla I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2002 og 2/2003. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. ágúst 2003.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2003-2004.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2003-2004, verði kr. 181 á hvert kg af dillkakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. ágúst 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 2003

Nr. 649

2036

28. ágúst 2003

REGLUR

um úreldingu sauðfjársláturhúsa á árunum 2003 og 2004.

1. gr.

Markmið, ráðstöfunarfé o.fl.

Ríkissjóður greiðir bætur fyrir úreldingu sauðfjársláturhúsa á árunum 2003 og 2004 í þeim tilgangi að auka hagræðingu í rekstri sláturhúsa og lækka sláturkostnað.

Heimilt er að verja allt að 170 milljónum króna samtals á árunum 2003 og 2004 til greiðslu bóta fyrir úreldingu sauðfjársláturhúsa samkvæmt 1. mgr.

2. gr.

Fjárhæðir úreldingarbóta.

Bætur fyrir úreldingu einstakra sauðfjársláturhúsa geta að hámarki numið 65 kr. á hvert kg kindakjöts sem féll til við slátrun að meðaltali á ári í sláturhúsunum árin 2000-2002, þ.m.t. vegna heimtekens kindakjöts.

3. gr.

Rétthafar úreldingarbóta.

Rétthafar úreldingarbóta geta verið allir eigendur sauðfjársláturhúsa sem hlotið hafa lög-gildingu landbúnaðarráðherra og hafa verið nýtt til sauðfjárslátrunar árin 2000-2002, sbr. þó 2. mgr.

Réttur til úreldingarbóta samkvæmt 1. mgr. stofnast ekki nema greitt hafi verið útflutningsgjald samkvæmt 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum af þeirri sauðfjárslátrun sem fram hefur farið í sláturhúsunum á árunum 2000-2002 og myndar grundvöll að útreikningi úreldingarbóta, sbr. 2. gr. Einnig er það skilyrði fyrir að réttur til úreldingarbóta stofnist að greiddar hafi verið allar skuldir við innleggjendur sauðfjárafurða vegna slátrunar í sláturhúsunum.

Eigendur sauðfjársláturhúsa geta þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. óskað eftir úreldingu sláturhúsanna með því skilyrði að framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafi úreldingarbótum eða hluta þeirra eftir því sem við á til að greiða upp þær skuldir sem tilgreindar eru í 2. mgr. í samræmi við ákvæði 10. gr.

4. gr.

Fasteignir sem úrelding nær til.

Úrelding nær til allra fasteigna sauðfjársláturhúss sem nýttar hafa verið til sauðfjárslátrunar á árunum 2000-2002. Um réttaráhrif úreldingar vísast til 11. gr.

5. gr.

Auglýsingar og umsóknir.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga skal auglýsa eftir umsóknum um úreldingu sauðfjársláturhúsa eigi síðar en 5. september 2003. Umsóknarfrestir skulu vera sem hér segir:

- A. til 25. september 2003 ef úrelding tekur gildi 1. september 2003.
- B. til 31. desember 2003 ef úrelding tekur gildi 1. janúar 2004.
- C. til 31. desember 2003 ef úrelding tekur gildi 1. desember 2004.

Umsóknir skulu sendar framkvæmdanefnd búvörusamninga sem annast gerð samninga um úreldingu.

Í umsókn um úreldingu skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og netfang eiganda sláturhúss, fastanúmer fasteigna sem óskað er eftir að úrelða og matshlutanúmer ef við á, upplýsingar um ógreitt útflutningsgjald og afurðaverð, upplýsingar um kvaðir og önnur eignarhöft, svo og upplýsingar um bankareikning sem leggja má greiðslu bóta inn á. Einnig skal fylgja samþykki sameigenda ef þeir eru fyrir hendi, samþykki veðhafa, samþykki aðila sem njóta réttar í fasteignum sláturhúss á grundvelli samninga, kvaða eða annarra eignarhafta, staðfesting Bændasamtaka Íslands eða löggilts endurskoðanda á magni kindakjöts sem féll til í sláturhúsi á árunum 2000-2002 eftir því sem við á, staðfesting löggilts endurskoðanda á fjárhæðum skulda vegna ógreidds útflutningsgjalds og afurðaverðs svo og veðbókarvottorð sem ekki er eldra en viku gamalt þegar umsókn berst. Umsókn um úreldingu skal vera undirrituð af formanni stjórnar eða framkvæmdastjóra þegar um er að ræða lögaðila en eiganda sláturhúss ef hann er einstaklingur.

6. gr.

Forgangsröðun umsókna.

Móttöku umsókna skal staðfesta með dagstimpli. Berist umsóknir um úreldingu umfram þá fjármuni sem ætlaðir eru til ráðstöfunar skal forgangsráða umsóknum í þrjá flokka sem miðast við hvenær úrelding tekur gildi. Umsóknir um úreldingu sem tekur gildi 1. september 2003 skulu njóta forgangs á undan öllum öðrum umsóknum, næst á eftir koma umsóknir um úreldingu sem tekur gildi 1. janúar 2004 og síðast umsóknir um úreldingu sem tekur gildi 1. desember 2004. Innan hvers flokks skal skerðing vera hlutfallsleg miðað við fjárhæð úreldingarbóta.

7. gr.

Samningar um úreldingu.

Þegar tilskilin gögn liggja fyrir og umsókn um úreldingu hefur verið samþykkt gerir framkvæmdanefnd búvörusamninga samninga um úreldingu sláturhúsa við umsækjendur. Í samningi skal greina nafn, kennitölu, heimilisfang og fasteignir sem úrelding nær til ásamt fastanúmeri og matshlutanúmeri ef við á, fjárhæð og útreikning úreldingarbóta svo og bankareikning sem leggja má úreldingarbætur inn á. Einnig skal koma fram í samningi yfirlýsing um að eigandi sauðfjársláturhúss skuldbindi sig til að nota ekki til sauðfjárslátrunar fasteignir sem úrelding nær til og að um sé að ræða ótímabundna kvöð. Samningur um úreldingu skal vera undirritaður af stjórn eiganda sláturhúss eða af öðrum aðila sem stjórn hefur veitt umboð til þess ef um lögaðila er að ræða en af eiganda sláturhúss ef hann er einstaklingur. Þá skal samningur um úreldingu sláturhúss gerður með fyrirvara um samþykki landbúnaðarráðherra sem áritar samninginn. Samningurinn skal gerður í fjórum eintökum og skal eitt afhent sýslumanni til þinglýsingar en eigandi sláturhúss, framkvæmdanefnd búvörusamninga og landbúnaðarráðuneytið fá eitt eintak hver.

8. gr.

Þinglýsing.

Þinglýsa skal samningum um úreldingu sláturhúsa sem ótímabundinni kvöð á þær fasteignir sem úrelding nær til. Kostnað af þinglýsingu greiða eigendur sauðfjársláturhúsa. Óheimilt er að aflýsa samningum um úreldingu.

9. gr.

Greiðslur úreldingarbóta.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga annast greiðslur úreldingarbóta þegar samningum um úreldingu hefur verið þinglýst, sbr. 8. gr. Ef úrelding tekur gildi 1. september 2003 skulu úreldingarbætur greiddar eigi síðar en 31. desember 2003. Ef úrelding tekur gildi 1. janúar 2004 skulu úreldingarbætur greiddar eigi síðar en 31. mars 2004. Ef úrelding tekur gildi 1. desember 2004 skulu úreldingarbætur greiddar eigi síðar en 31. desember 2004.

Óheimilt er að greiða eigendum sauðfjársláturhúsa úreldingarbætur samkvæmt 1. mgr. fyrir en skuldir samkvæmt 10. gr. hafa verið greiddar.

10. gr.

Uppgjör skulda.

Ef eigendur sauðfjársláturhúsa óska eftir úreldingu þrátt fyrir að ekki hafi verið greidd að fullu útflutningsgjöld samkvæmt 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum af sauðfjárslátrun sem fram hefur farið í sláturhúsunum, sbr. 3. mgr. 3. gr. skal framkvæmdanefnd búvörusamninga fyrst ráðstafa úreldingarbótum eða hluta þeirra til að greiða slíkar skuldir áður en eftirstöðvar úreldingarbóta eru greiddar eigendum sláturhúsa, sbr. 3. mgr.

Ef eigendur sláturhúsa óska eftir úreldingu þrátt fyrir að ekki hafi verið greitt að fullu afurðaverð til bænda vegna sauðfjárslátrunar sem fram hefur farið í sláturhúsunum, sbr. 3. mgr. 3. gr. skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafa úreldingarbótum eða hluta þeirra til að greiða slíkar skuldir þegar útflutningsgjöld samkvæmt 1. mgr. hafa verið greidd áður en eftirstöðvar úreldingarbóta eru greiddar eigendum sláturhúsa, sbr. 3. mgr. Ef úreldingarbætur vegna einstakra sauðfjársláturhúsa nema lægri fjárhæð en heildarskuldir eigenda þeirra sauðfjársláturhúsa samkvæmt þessari grein skal úreldingarbótum ráðstafað til greiðslu upp í allar skuldarnar í sama hlutfalli.

Þegar skuldir samkvæmt 1.-2. mgr. hafa verið greiddar greiðir framkvæmdanefnd búvörusamninga eftirstöðvar úreldingarbóta ef einhverjar eru til eigenda sauðfjársláturhúsa.

11. gr.

Réttaráhrif úreldingar.

Fasteignir sauðfjársláturhúsa sem úrelding nær til er óheimilt að nota til sauðfjárslátrunar eftir að úrelding hefur farið fram og gildir þessi kvöð í ótakmarkaðan tíma. Ekki eru aðrar takmarkanir á notkun fasteignanna.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. ágúst 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 2003

1. september 2003

2039

Nr. 650

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 444/2003 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á selju í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	08.09.03. - 30.09.03.	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 2003

Nr. 651

2040

3. september 2003

REGLUR

um úreldingu sauðfjársláturhúsa á árunum 2003 og 2004.

1. gr.

Markmið, ráðstöfunarfé o.fl.

Ríkissjóður greiðir bætur fyrir úreldingu sauðfjársláturhúsa á árunum 2003 og 2004 í þeim tilgangi að auka hagræðingu í rekstri sláturhúsa og lækka sláturkostnað.

Heimilt er að verja allt að 170 milljónum króna samtals á árunum 2003 og 2004 til greiðslu bóta fyrir úreldingu sauðfjársláturhúsa samkvæmt 1. mgr.

2. gr.

Fjárhæðir úreldingarbóta.

Bætur fyrir úreldingu einstakra sauðfjársláturhúsa geta að hámarki numið 65 kr. á hvert kg kindakjöts sem féll til við slátrun að meðaltali á ári í sláturhúsunum árin 2000-2002, þ.m.t. vegna heimtekens kindakjöts.

3. gr.

Rétthafar úreldingarbóta.

Rétthafar úreldingarbóta geta verið allir eigendur sauðfjársláturhúsa sem hlotið hafa lög-gildingu landbúnaðarráðherra og hafa verið nýtt til sauðfjárslátrunar árin 2000-2002, sbr. þó 2. mgr.

Réttur til úreldingarbóta samkvæmt 1. mgr. stofnast ekki nema greitt hafi verið útflutningsgjald samkvæmt 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum af þeirri sauðfjárslátrun sem fram hefur farið í sláturhúsunum. Einnig er það skilyrði fyrir að réttur til úreldingarbóta stofnist að greiddar hafi verið allar skuldir við innleggjendur sauðfjárafurða vegna slátrunar í sláturhúsunum.

Eigendur sauðfjársláturhúsa geta þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. óskað eftir úreldingu sláturhúsanna með því skilyrði að framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafi úreldingarbótum eða hluta þeirra eftir því sem við á til að greiða upp þær skuldir sem tilgreindar eru í 2. mgr. í samræmi við ákvæði 10. gr.

4. gr.

Fasteignir sem úrelding nær til.

Úrelding nær til allra fasteigna sauðfjársláturhúss sem nýttar hafa verið til sauðfjárslátrunar á árunum 2000-2002. Um réttaráhrif úreldingar vísast til 11. gr.

5. gr.

Auglýsingar og umsóknir.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga skal auglýsa eftir umsóknum um úreldingu sauðfjársláturhúsa eigi síðar en 5. september 2003. Umsóknarfrestir skulu vera sem hér segir:

A. til 25. september 2003 ef úrelding tekur gildi 1. september 2003.

B. til 31. desember 2003 ef úrelding tekur gildi 1. janúar 2004.

C. til 31. desember 2003 ef úrelding tekur gildi 1. desember 2004.

Umsóknir skulu sendar framkvæmdanefnd búvörusamninga sem annast gerð samninga um úreldingu.

Í umsókn um úreldingu skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og netfang eiganda sláturhúss, fastanúmer fasteigna sem óskað er eftir að úrelða og matshlutanúmer ef við á, upplýsingar um ógreitt útflutningsgjald og afurðaverð, upplýsingar um kvaðir og önnur eignarhöft, svo og upplýsingar um bankareikning sem leggja má greiðslu bóta inn á. Einnig skal fylgja samþykki sameigenda ef þeir eru fyrir hendi, samþykki veðhafa, samþykki aðila sem njóta réttar í fasteignum sláturhúss á grundvelli samninga, kvaða eða annarra eignarhafta, staðfesting Bændasamtaka Íslands eða löggilts endurskoðanda á magni kindakjöts sem féll til í sláturhúsi á árunum 2000-2002 eftir því sem við á, staðfesting löggilts endurskoðanda á fjárhæðum skulda vegna ógreidds útflutningsgjalds og afurðaverðs svo og veðbókarvottorð sem ekki er eldra en viku gamalt þegar umsókn berst. Umsókn um úreldingu skal vera undirrituð af formanni stjórnar eða framkvæmdastjóra þegar um er að ræða lögaðila en eiganda sláturhúss ef hann er einstaklingur.

6. gr.

Forgangsröðun umsókna.

Móttöku umsókna skal staðfesta með dagstimpli. Berist umsóknir um úreldingu umfram þá fjármuni sem ætlaðir eru til ráðstöfunar skal forgangsraða umsóknum í þrjá flokka sem miðast við hvenær úrelding tekur gildi. Umsóknir um úreldingu sem tekur gildi 1. september 2003 skulu njóta forgangs á undan öllum öðrum umsóknum, næst á eftir koma umsóknir um úreldingu sem tekur gildi 1. janúar 2004 og síðast umsóknir um úreldingu sem tekur gildi 1. desember 2004. Innan hvers flokks skal skerðing vera hlutfallsleg miðað við fjárhæð úreldingarbóta.

7. gr.

Samningar um úreldingu.

Þegar tilskilin gögn liggja fyrir og umsókn um úreldingu hefur verið samþykkt gerir framkvæmdanefnd búvörusamninga samninga um úreldingu sláturhúsa við umsækjendur. Í samningi skal greina nafn, kennitölu, heimilisfang og fasteignir sem úrelding nær til ásamt fastanúmeri og matshlutanúmeri ef við á, fjárhæð og útreikning úreldingarbóta svo og bankareikning sem leggja má úreldingarbætur inn á. Einnig skal koma fram í samningi yfirlýsing um að eigandi sauðfjársláturhúss skuldbindi sig til að nota ekki til sauðfjárslátrunar fasteignir sem úrelding nær til og að um sé að ræða ótímabundna kvöð. Samningur um úreldingu skal vera undirritaður af stjórn eiganda sláturhúss eða af öðrum aðila sem stjórn hefur veitt umboð til þess ef um lögaðila er að ræða en af eiganda sláturhúss ef hann er einstaklingur. Þá skal samningur um úreldingu sláturhúss gerður með fyrirvara um samþykki landbúnaðarráðherra sem áritar samninginn. Samningurinn skal gerður í fjórum eintökum og skal eitt afhent sýslumanni til þinglýsingar en eigandi sláturhúss, framkvæmdanefnd búvörusamninga og landbúnaðarráðuneytið fá eitt eintak hver.

8. gr.

Þinglýsing.

Þinglýsa skal samningum um úreldingu sláturhúsa sem ótímabundinni kvöð á þær fast-

eignir sem úrelding nær til. Kostnað af þinglýsingu greiða eigendur sauðfjársláturhúsa. Óheimilt er að aflýsa samningum um úreldingu.

9. gr.

Greiðslur úreldingarbóta.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga annast greiðslur úreldingarbóta þegar samningum um úreldingu hefur verið þinglýst, sbr. 8. gr. Ef úrelding tekur gildi 1. september 2003 skulu úreldingarbætur greiddar eigi síðar en 31. desember 2003. Ef úrelding tekur gildi 1. janúar 2004 skulu úreldingarbætur greiddar eigi síðar en 31. mars 2004. Ef úrelding tekur gildi 1. desember 2004 skulu úreldingarbætur greiddar eigi síðar en 31. desember 2004.

Óheimilt er að greiða eigendum sauðfjársláturhúsa úreldingarbætur samkvæmt 1. mgr. fyrr en skuldir samkvæmt 10. gr. hafa verið greiddar.

10. gr.

Uppgjör skulda.

Ef eigendur sauðfjársláturhúsa óska eftir úreldingu þrátt fyrir að ekki hafi verið greidd að fullu útflutningsgjöld samkvæmt 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum af sauðfjárslátrun sem fram hefur farið í sláturhúsunum, sbr. 3. mgr. 3. gr. skal framkvæmdanefnd búvörusamninga fyrst ráðstafa úreldingarbótum eða hluta þeirra til að greiða slíkar skuldir áður en eftirstöðvar úreldingarbóta eru greiddar eigendum sláturhúsa, sbr. 3. mgr.

Ef eigendur sláturhúsa óska eftir úreldingu þrátt fyrir að ekki hafi verið greitt að fullu afurðaverð til bænda vegna sauðfjárslátrunar sem fram hefur farið í sláturhúsunum, sbr. 3. mgr. 3. gr. skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafa úreldingarbótum eða hluta þeirra til að greiða slíkar skuldir þegar útflutningsgjöld samkvæmt 1. mgr. hafa verið greidd áður en eftirstöðvar úreldingarbóta eru greiddar eigendum sláturhúsa, sbr. 3. mgr. Ef úreldingarbætur vegna einstakra sauðfjársláturhúsa nema lægri fjárhæð en heildarskuldir eigenda þeirra sauðfjársláturhúsa samkvæmt þessari grein skal úreldingarbótum ráðstafað til greiðslu upp í allar skuldarnar í sama hlutfalli.

Þegar skuldir samkvæmt 1.-2. mgr. hafa verið greiddar greiðir framkvæmdanefnd búvörusamninga eftirstöðvar úreldingarbóta ef einhverjar eru til eigenda sauðfjársláturhúsa.

11. gr.

Réttaráhrif úreldingar.

Fasteignir sauðfjársláturhúsa sem úrelding nær til er óheimilt að nota til sauðfjárslátrunar eftir að úrelding hefur farið fram og gildir þessi kvöð í ótakmarkaðan tíma. Ekki eru aðrar takmarkanir á notkun fasteignanna.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Reglur þessar eru endurútgefnar vegna mistaka sem urðu við birtingu reglna nr. 649/2003 um sama efni sem falla úr gildi frá sama tíma.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 69, 4. febrúar 2003,
um veiðar úr úthafskarfastofnum 2003.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips, sbr. 2. mgr. 3. gr. Um þær veiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 36, 15. janúar 2003, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO 2003. Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar íslenskra skipa á ofangreindum svæðum þegar heildarafli skipa frá aðildarríkjum NEAFC nær 25.000 lestum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. september 2003.

F. h. r.

Kolbeinn Árnason.

Þórir Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Strandveg 7 og 2-10 í Sjalandi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Sjalandi í Garðabæ.

Heimilaðar eru m.a. breytingar á bílastæðum við Strandveg 2-10 og Strandveg 7 og útbyggingar leyfðar út fyrir byggingarreiti í ljósi aðstæðna. Skipulagsskilmálar hverfisins eru óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 2. september 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 705/2001 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðar nr. 705/2001 (hér eftir „reglugerðarinnar“) bætast eftirfarandi skilgreiningar:

Evrópsk tækniforskrift: Sameiginleg tækniforskrift, evrópskt tæknisamþykki eða landsstaðall sem fylgir evrópskum staðli.

Hönnunarsamkeppni: Innlend málsmeðferð þar sem samningsstofnun, einkum á sviði byggingarlistar, verkfræði- eða gagnavinnslu, getur útvegað sér áætlun eða hönnun sem dómnefnd hefur valið að lokinni samkeppni, með eða án verðlauna.

Opinbert fyrirtæki: Hvert það fyrirtæki sem opinber yfirvöld hafa beint eða óbeint yfirráð yfir í krafti eignarhalds á því, fjárfestingar í því eða vegna reglna sem því eru settar. Álitid er að um yfirráð af hálfu opinberra yfirvalda sé að ræða þegar þessi yfirvöld beint eða óbeint:

- eiga meirihluta skráðs hlutfjár fyrirtækisins eða
- ráða meirihluta atkvæða sem fylgja hlutabréfum sem gefin eru út af fyrirtækinu eða
- hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða aðrar stjórnarstöður á vegum fyrirtækisins.

Rammasamkomulag: Samkomulag gert milli einhverrar samningsstofnunar sem reglugerð þessi gildir um og eins eða fleiri birgja eða verktaka í þeim tilgangi að ákveða þá skilmála, einkum um verð og, þar sem við á, fyrirhugað magn, sem gilda um samninga sem boðnir verða út og gerðir á tilteknu tímabili.

Tækniforskrift: Þær tæknilegu kröfur sem eru sérstaklega gerðar í útboðsgögnum og skilgreina einkenni verka, efnis, vöru eða aðfanga og gefa hlutlæga lýsingu á verki, efni, vöru eða aðföngum á þann hátt að þau komi að þeim notum sem samningsstofnanir ætlast til. Þessi tæknifyrirmæli geta varðað gæði, skil, öryggi og stærð svo og kröfur til efna, vöru eða aðfanga varðandi gæðaprófun, iðorð, tákni, prófun og aðferðir við prófun, umbúðir, áletrun eða merkingar. Þegar um er að ræða verksamninga geta þau haft að geyma reglur um hönnun og kostnaðarútreikninga, skilmála um prófun, skoðun og samþykkt verka og aðferða eða tækni við byggingar ásamt öllum öðrum tæknilegum skilyrðum sem samningsstofnun hefur færi á að setja, samkvæmt almennum og sérstökum reglum, um fullbúin verk og um efni og hluta sem til þeirra teljast.

Verk: Byggingarframkvæmdir eða mannvirkjagerð í heild sinni sem ætlað er að gegna efnahagslegu hlutverki.

2. gr.

Í stað orðanna „kerfi sín yfir þjóðvegi“ í a-lið 3. gr. reglugerðarinnar kemur: kerfi sín yfir, undir eða á þjóðvegi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „tekur til samninga“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur: tekur til skriflegra samninga fjárhagslegs eðlis.
- b. Við 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar bætist: og þegar efnt er til hönnunar-samkeppni.
- c. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein svohljóðandi: Verksamningar mega einnig ná til vöru og þjónustu sem nauðsynlegar eru við framkvæmd þeirra.

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Mat á áætl-uðu verðmæti samnings sem tekur bæði til vara og þjónustu skal byggja á heildarverðmæti varanna og þjónustunnar, óháð verðmæti þeirra hvors um sig. Mat á áætlaðri fjárhæð skal einnig ná til verðmætis samsetningar- eða uppsetningarvinnu. Útreikning fjárhæðar ramma-samkomulags skal byggja á áætlaðri hámarksfjárhæð allra samninga sem gert er ráð fyrir á viðkomandi tímabili. Verðmæti vöru sem ekki er nauðsynleg við framkvæmd ákveðins verk-samnings á ekki að bæta við samningsfjárhæðina svo að ekki sé hægt að beita ákvæðum reglugerðar þessarar við innkaup á þeirri vöru.

5. gr.

Á eftir I. kafla reglugerðarinnar kemur nýr kafli, II. kafli, **Tækniforskriftir og staðlar**, með tveimur nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast kafla- og greinanúmer samkvæmt því:

a. (8. gr.)

Kaupandi skal láta tækniforskriftir fylgja almennum gögnum eða útboðsgögnum með hverjum samningi.

Tækniforskriftir skal skilgreina með tilvísun í evrópskar tækniforskriftir ef þær eru til.

Ef evrópskar tækniforskriftir eru ekki til skal eftir fremsta megni skilgreina tækniforskriftir með tilvísun í aðra staðla sem notaðir eru innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Kaupandi skal skilgreina frekari kröfur sem nauðsynlegar eru til viðbótar evrópskum tækniforskriftum eða öðrum stöðlum. Þegar það er gert skulu þær taka tækniforskriftir sem gera kröfur um skil fram yfir þær sem gefa til kynna hönnun eða eiginleikalýsingu nema samningsstofnun hafi hlutlægar ástæður til að telja slíkar tækniforskriftir ófullnægjandi vegna efnis samningsins.

Kaupanda er heimilt að víkja frá 2. mgr. ef:

- a) það er tæknilega útilokað að tryggja á fullnægjandi hátt að vara samræmist evrópskum tækniforskriftum;
- b) notkun þessara staðla, í sambandi við aðlögun viðtekinna venja að evrópskum tækniforskriftum, skyldaði kaupanda til að afla sér aðfanga sem hæfðu ekki þeim tækjabúnaði sem þegar er í notkun eða hefði í för með sér ótilhlýðilegan kostnað eða tæknilega örðugleika. Kaupandi má aðeins nýta sér þessa undanþágu sem lið í nákvæmlega skilgreindri og skjalfestri áætlun um að taka upp evrópskar tækniforskriftir.
- c) viðeigandi evrópsk tækniforskrift hentar ekki í ákveðnu tilviki eða hún tekur ekki tillit til tækniþróunar sem átt hefur sér stað síðan hún var samþykkt. Kaupandi sem nýtir sér þessa undanþágu skal kynna viðeigandi staðlastofnun eða öðrum stofnunum sem hafa völd til að endurskoða evrópskar tækniforskriftir ástæður þess að hann telur evrópsku tækniforskriftina ekki henta og fara fram á endurskoðun hennar.
- d) verkefnið er hrein nýjung sem evrópskar tækniforskriftir eiga ekki við um.

b. (9. gr.)

Kaupandi skal að ósk birgja eða verktaka sem áhuga hafa á samningi afhenda tækniforskriftir sem vísað er til reglulega í vörukaupa-, verk- eða þjónustusamningum þeirra eða tækniforskriftir sem þeir ætla að nota í samningum sem fjallað er um í reglubundnum kynningarauglýsingum.

Þegar slíkar tækniforskriftir eru byggðar á gögnum sem áhugasamir birgjar, verktakar eða þjónustuveitendur hafa aðgang að nægir að vísa til þessara gagna.

6. gr.

Á eftir 1. másl. 8. gr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Á það jafnframt við þegar efnt er til hönnunarsamkeppni.

7. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Við fyrirkomulag innkaupa samkvæmt reglugerð þessari skulu samningsstofnanir tryggja að birgjum, verktökum og þjónustuveitendum sé ekki mismunað.

8. gr.

k-liður 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar skal vera svohljóðandi:

k. Þegar vörur eru keyptar við sérstaklega hagstæðar aðstæður annaðhvort frá birgi sem er að leggja niður starfsemi sína, frá skiptastjórum búa sem eru tekin til gjaldþrotaskipta er gengið er til samkomulags við lánardrottna, við nauðungarsölu eða frá þrotabúi;

9. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi:

Kaupanda er heimilt að skoða rammasamkomulag sem samning í merkingu reglugerðar þessarar og ganga frá því í samræmi við reglugerð þessa. Þegar samningar eru gerðir á grundvelli rammasamkomulags er kaupanda heimilt að viðhafa málsmeðferð sem ekki felur í sér undanfarandi útböð. Kaupanda er óheimilt að misnota rammasamkomulag til að hindra, takmarka eða raska samkeppni.

10. gr.

12. gr. reglugerðarinnar verður 11. gr. reglugerðarinnar og breytist greinatala samkvæmt því.

11. gr.

Í stað orðanna „í I. þætti XV. viðauka tilskipunarinnar“ í 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar kemur: í I. þætti XV. viðauka og í XVIII. viðauka tilskipunarinnar.

12. gr.

Á eftir 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tilboðum skal skila skriflega annaðhvort beint eða með pósti. Heimilt er að tilboðum sé skilað með öðrum hætti svo framarlega sem hægt er að tryggja að hvert tilboð innihaldi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat þess, að tilboðsleynd sé haldin á meðan matsgerð stendur yfir, að slík tilboð séu staðfest skriflega eða með staðfestu endurriti eins fljótt og auðið er og að tilboð séu opnuð eftir að afhendingarfrestur er útrunninn.

13. gr.

Á eftir 22. gr. reglugerðarinnar koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

a.

Frávikstilboð.

Um frávikstilboð gilda ákvæði V. kafla laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum. Kaupandi skal setja fram í útboðsgögnum lágmarksskilyrði sem frávikstilboð verða að uppfylla og allar sérkröfur um framsetningu þeirra.

Kaupanda er óheimilt að hafna frávikstilboði eingöngu á þeim grundvelli að það sé byggt á tækniforskriftum sem skilgreindar eru með tilvísun í evrópskar tækniforskriftir eða innlendar tækniforskriftir.

b.

Óeðlilega lág tilboð.

Um óeðlilega lág tilboð gilda ákvæði VIII. kafla laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum. Kaupanda er heimilt að taka til athugunar skýringar reistar á hlutlægum rökum þess efnis að byggingar- eða framleiðsluaðferð eða tæknilegar lausnir sem beitt er séu hagkvæmar, aðstæður fyrir framkvæmdir, sem bjóðandi nýtur, séu einstaklega hagstæðar eða um vörunýjung eða nýstárlega verkkunnáttu sé að ræða sem bjóðandi kemur fram með.

Kaupanda er eingöngu heimilt að hafna tilboðum sem eru óeðlilega lág vegna fenginna ríkisstyrkja eftir að hann hefur ráðfært sig við bjóðanda og ef bjóðandinn hefur ekki verið fær um að sýna fram á að Eftirlitsstofnun EFTA hafi verið tilkynnt um umræddan ríkisstyrk eða að hann hafi verið samþykktur af Eftirlitsstofnun EFTA. Kaupandi sem hafnar tilboði við þessar aðstæður ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um.

14. gr.

Á eftir 23. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, svohljóðandi:

Framleiðsluvörur upprunnar í þriðja landi.

Heimilt er að hafna tilboðum í vörukaupasamninga þegar hlutfall framleiðsluvara sem upprunnar eru í þriðja landi, samanber reglugerð ráðsins (EBE) nr. 802/68 frá 27. júní 1968 um sameiginlega skilgreiningu á hugtakinu uppruni vara, nemur meira en 50% af heildarfjárhæð þeirra vara sem tilboðið nær til. Að því er varðar þessa grein telst hugbúnaður notaður í búnað fjarskiptakerfa vera framleiðsluvara.

Þegar tvö eða fleiri tilboð eru jafngild skal taka þau tilboð fram yfir sem ekki er heimilt að hafna á grundvelli 1. mgr. Að því er varðar þessa grein skal verð teljast jafnt ef verðmunurinn er ekki meiri en 3%.

Ekki skal taka eitt tilboð fram yfir annað á grundvelli 2. mgr. ef samþykkt þess myndi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu önnur tæknileg einkenni sem samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða sem leiddu til tæknilegra erfiðleika við rekstur eða viðhald eða óeðlilegs kostnaðar.

15. gr.

Við 24. gr. reglugerðarinnar bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kaupanda er heimilt að gera kröfu um leynd til að vernda trúnaðarupplýsingar sem hann veitir aðgang að í sambandi við afhendingu tækniforskrifta til áhugasamra birgja, verktaka eða þjónustuveitenda, þegar dæmt er um hæfi eða valið er við hvaða birgja, verktaka og þjónustuveitendur skuli gengið til samninga.

Ákvæði þessarar reglugerðar takmarka ekki rétt birgja, verktaka eða þjónustuveitenda að krefjast þess að kaupandi fari með upplýsingar sem þeir láta af hendi sem trúnaðarmál í samræmi við landslög.

16. gr.

Á eftir 24. gr. reglugerðarinnar koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

a.

Kaupendur skulu hafa aðgang að staðfestingarkerfi í samræmi við 2. kafla tilskipunar Ráðherraráðsins nr. 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, eins og hún hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Tilskipun Ráðherraráðsins nr. 92/13/EBE er birt sem viðauki við reglugerð þessa.

b.

Telji Eftirlitsstofnun EFTA að um augljóst brot á reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup sé að ræða er henni heimilt að grípa til þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í 3. kafla tilskipunar Ráðherraráðsins nr. 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, eins og hún hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

c.

Þeir aðilar sem telja að þeir geti, við útboð og gerð samninga um opinber verkefni er falla undir reglugerð þessa, orðið fyrir tjóni vegna meints brots á reglum um opinber innkaup geta farið fram á sáttameðferð sem kveðið er á um í 4. kafla tilskipunar Ráðherraráðsins nr. 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, eins og hún hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

17. gr.

Á eftir 25. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, svohljóðandi:

Í samræmi við 3. gr. tilskipunar Ráðherraráðsins nr. 93/38/EBE frá 14. júní 1993 er íslenska ríkinu heimilt að fara fram á það við Eftirlitsstofnun EFTA að kveðið verði á um að hagnýting landsvæðis í þeim tilgangi að leita að eða nema olfu, gas, kol eða annað eldsneyti í föstu formi teljist ekki starfsemi sem skilgreind er í fyrri lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar og að aðili teljist ekki starfa samkvæmt sérleyfi eða einkarétti þó að hann stundi einhverja þessa starfsemi að því tilskyldu að öll skilyrði þau sem tiltekin eru í 3. gr. tilskipunar Ráðherraráðsins nr. 93/38/EBE frá 14. júní 1993 séu uppfyllt.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum, og tekur gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 25. ágúst 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Þórhallur Arason.

REGLUGERÐ

um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum fyrir útboð á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt reglugerð nr. 513/2001 um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup, sbr. lög nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum.

2. gr.

Form samninga.

Allir samningar sem kaupandi gerir við bjóðanda um opinber innkaup skulu vera skriflegir.

3. gr.

Rökstuðningur höfnunar tilboðs og annarra ákvarðana.

Þegar veittur er rökstuðningur samkvæmt 2. mgr. 53. gr. laga nr. 94/2001 skal greina frá ástæðum þess að tilboði eða umsókn um þátttöku í útboði var hafnað auk þess að gera grein fyrir auðkennum tilboðs, sem ákveðið var að taka, þeim kostum tilboðsins sem réðu vali þess og nafni þess bjóðanda sem lagði það fram.

Kaupandi skal, eins fljótt og kostur er, tilkynna bjóðendum í útboði eða þátttakendum í forvali og samningskaupum um ákvörðun um að taka engu tilboði í útboði eða hefja innkaupaferli upp á nýtt. Ákvörðun skal vera rökstudd og skrifleg, ef þess er óskað. Kaupandi skal einnig tilkynna útgáfustjórn Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins um slíka ákvörðun.

4. gr.

Skýrslur.

Kaupandi skal útbúa skýrslu um hvern gerðan samning. Í skýrslu skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Nafn og heimilisfang kaupanda auk efnis og fjárhæðar samnings.
- Nöfn bjóðenda eða þátttakenda sem var heimiluð þátttaka og ástæður fyrir vali þeirra.
- Nöfn bjóðenda eða þátttakenda sem ekki var heimiluð þátttaka og ástæður fyrir höfnun þeirra.
- Nafn þess bjóðanda sem var valinn og ástæður þess að hans tilboð var valið, og, eftir atvikum, hvaða hluti samnings fyrirhugað er að fela þriðju aðilum.
- Ef um samningskaup er að ræða, tilgreining heimildar til samningskaupa samkvæmt 19. eða 20. gr. laga nr. 94/2001.

Skýrslu skal senda til Eftirlitsstofnunar EFTA, ef stofnunin óskar þess. Ef um er að ræða vörukaup og heimild a. liðs 20. gr. laga nr. 94/2001 til samningskaupa er beitt, er kaupanda skylt að senda fjármálaráðuneytinu og Eftirlitsstofnun EFTA skýrsluna að eigin frumkvæði.

5. gr.

Tilhögun hönnunarsamkeppni.

Þegar um er að ræða samkeppni, sem kaupandi heldur í því skyni að fá tillögur eða áætlanir, einkum á sviði skipulags svæða eða byggða, húsagerðarlistar, verkfræði eða upplýsingavinnslu, sem lagðar eru fram og metnar af dómnefnd, hvort sem um er að ræða verðlaun eða ekki, gilda ákvæði þessarar greinar, enda sé hönnunarsamkeppni haldin til

kaupa á þjónustu yfir viðmiðunarfjárhæðum reglugerðar nr. 513/2001 eða heildarvirði verðlauna og/eða greiðslna til þátttakanda er a.m.k. sú fjárhæð.

Tilkynna skal áhugasómum þátttakendum fyrirfram um tilhögun hönnunarsamkeppni.

Óheimilt er að takmarka aðgang að hönnunarsamkeppni með vísan til þjóðernis, búsetu á ákveðnu svæði eða einskorða aðgang við annað hvort lögaðila eða einstaklinga.

Dómnefnd skal aðeins skipuð einstaklingum sem eru óháðir þátttakendum í samkeppni. Þar sem tiltekinnar menntunar eða starfshæfni er krafist af þátttakendum skal a.m.k. einn þriðji hluti dómnefndarmanna hafa þá menntun eða sambærilega starfshæfni.

Dómnefnd skal vera sjálfstæð í störfum sínum. Tillögur skulu vera með nafnleynd. Ákvarðanir og álit dómnefndar um tillögur skulu grundvallast á viðmiðum sem tilkynnt voru fyrirfram samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Tæknilegar útskýringar.

Pegar víkja skal frá áskilnaði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 94/2001 á grundvelli c. liðar 3. mgr. sömu greinar skal það vera þáttur í skýrri og skráðri tímaáætlun sem miðar að notkun evrópskra staðla, evrópsks tæknisambýkkis eða sameiginlegra tækniforskrifta.

Kaupandi sem hyggst víkja frá áskilnaði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 94/2001 á grundvelli 3. mgr. sömu greinar skal tilgreina það í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup, sem send er útgáfustjórn Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins, eða í útboðsgögnum. Hann skal ætíð skrá ástæður slíkrar ákvörðunar og láta fjármálaráðuneytinu og Eftirlitsstofnun EFTA þær upplýsingar í té, sé þess óskað.

Með grunnkröfum í 2. gr. laga nr. 94/2001 er átt við kröfur um öryggi, heilsu og önnur atriði sem varða almannahagsmuni sem bygging getur fullnægt.

7. gr.

Sending tilkynninga til auglýsinga.

Í öllum tilkynningum til útgáfustjórnar og gagnabanka Evrópubandalagsins skal tilgreina sendingardag þeirra. Sendandi skal geta fært sönnur á sendingardag tilkynningar.

Pegar um er að ræða aðkallandi samninga samkvæmt 5. mgr. 65. gr. laga nr. 94/2001 skal senda tilkynningu með skímskeyti, símríti eða símbréfi til útgáfustjórnar Evrópubandalagsins til birtingar í Stjórnartíðindum bandalagsins og gagnabönkum.

Í tilkynningu um áætluð heildarinnkaup á vörum samkvæmt 59. gr. laga nr. 94/2001 skal skipta innkaupum niður í samræmi við vöruflökkunarkerfi EB (CPA).

Við gerð tilkynninga skal gæta ákvæða reglugerðar nr. 239/2003 um notkun staðlaðra eyðublaða við birtingu opinberra útboðsauglýsinga samkvæmt lögum um opinber innkaup.

8. gr.

Tilkynningar o.fl. vegna lokaðra útboða og við samningskaup.

Í lokuðum útboðum eða samningskaupum skal kaupandi samtímis tilkynna þeim sem valdir hafa verið til að leggja fram tilboð um þá ákvörðun sína. Með tilkynningu kaupanda skulu fylgja útboðsgögn og önnur stoðgögn. Í tilkynningu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a. Upplýsingar um hvar nálgast má útboðsgögn og önnur gögn vegna innkaupa, ef við á, og lokadagur fyrir afhendingu þessara ganga. Einnig upplýsingar um verð og greiðslukjör þessara gagna, ef við á.
- b. Tilboðsfrestur, hvar skila á tilboðum og tungumál sem tilboð skal vera á.
- c. Tilvísun til tilkynningar um innkaup eða útboðsauglýsingar.
- d. Upplýsingar um hvaða gögn leggja á fram til stuðnings fjárhagslegu og tæknilegu hæfi bjóðanda, sbr. 30. og 31. gr. laga nr. 94/2001.

e. Forsendur fyrir vali tilboðs, ef þær hafa ekki þegar komið fram í tilkynningu um innkaup eða útboðsauglýsingu.

Tilboðsfrestur í lokuðum útboðum skal ekki vera skemmri en 40 dagar frá sendingu tilkynningar samkvæmt 1. mgr. Ef aðstæður eru aðkallandi má þó stytta þennan frest niður í 10 daga frá sendingu tilkynningar samkvæmt 1. mgr.

Beiðni um að taka þátt í innkaupum með því að leggja fram tilboð má senda kaupanda með bréfi, símskeyti, símríta, símbréfi eða með talsíma. Ef beiðni berst með öðrum hætti en með bréfi er kaupanda skylt að staðfesta móttöku beiðni skriflega innan 37 daga frá sendingu tilkynningar um innkaup, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 94/2001.

9. gr.

Viðbótarupplýsingar.

Viðbótarupplýsingum við útboðs- og forvalsgögn og gögn vegna lokaðs útboðs og samningskaupa skal komið til bjóðenda eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að skila tilboðum rennur út, enda hafi upplýsinganna verið óskað með hæfilegum fyrirvara.

10. gr.

Gerð aðkallandi samninga.

Við gerð aðkallandi samninga er skylt að útvega frekari upplýsingar varðandi útboðsgögn eigi síðar en fjórum dögum áður en frestur til að skila tilboðum rennur út, enda hafi upplýsinganna verið óskað með hæfilegum fyrirvara.

Umsóknir um að gera tilboð og boð um að gera tilboð skulu sendast eins fljótt og unnt er þegar um aðkallandi samninga er að ræða. Þegar umsóknir um að gera tilboð eru sendar með símskeyti, símríta, símbréfi eða símleiðis er skylt að staðfesta þær með bréfi sem sendist áður en frestur sá sem tilgreindur er í 5. mgr. 65. gr. laga nr. 94/2001, er útrunninn.

11. gr.

Form tilboða.

Tilboðum skal skila skriflega, annaðhvort beint eða í pósti. Á grundvelli 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2001 er heimilt að leggja fram tilboð með öðrum hætti en skriflegum svo framarlega sem tryggt sé að hvert tilboð innihaldi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat þess, að óviðkomandi verði ekki kunnugt um efni tilboðsins, að slík tilboð séu staðfest skriflega, eða með staðfestu endurríti tilboðs, eins fljótt og unnt er, og að tilboð séu opnuð eftir að afhendingarfrestur er runnin út.

12. gr.

Frávikstilboð.

Ef kaupandi hyggst meta tilboð á grundvelli fjárhagslegrar hagkvæmni er heimilt að gera frávikstilboð, enda fullnægi slíkt boð lágmarkskröfum útboðsgagna til eiginleika þess sem óskað er kaupa á.

Lágmarkskröfur samkvæmt 1. mgr. skulu koma fram í útboðsgögnum. Ef frávikstilboð eru óheimil skal það einnig tekið fram í útboðsgögnum.

Kaupanda er óheimilt að hafna frávikstilboði af þeim ástæðum einum að tilboðið taki mið af tæknilegum kröfum, sem samræmast stöðlum sem samdir hafa verið til þess að innleiða evrópska staðla, evrópskt tæknisamþykki eða sameiginlegar tækniforskriftir. Sama gildir ef um er að ræða innlenda staðla ríkis sem samrýmast reglum Evrópska efnahagssvæðisins um tæknilega samræmingu og innlenda staðla ríkis varðandi hönnun, útreikninga og útfærslu verka og efnisnotkun.

13. gr.

Nánar um gögn um fjárhagslegt og tæknilegt hæfi bjóðanda.

Ef bjóðandi er krafinn um sönnun um þau atriði sem greinir í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 94/2001 skal viðeigandi opinbert vottorð, þar sem fram kemur að hann uppfylli öll skilyrðin, metið sem fullnægjandi sönnun. Ef heimaríki bjóðanda gefur ekki út opinber vottorð sem þessi skal þess í stað meta fullgildan eið eða drengskaparheit sem bjóðandi hefur unnið um umrædd atriði fyrir dómara eða yfirvaldi, lögbókanda, eða þar til bæru fagfélagi í heimaríki sínu.

Auk þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 94/2001 getur bjóðandi lagt fram verktryggingu eða aðra tryggingu fyrir skaðleysi kaupanda af hugsanlegum vanefndum bjóðanda (professional risk indemnity insurance).

Vottorð sem um getur í a. lið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 94/2001 skulu gefin út eða staðfest af þeim opinbera aðila sem keypti verk, ef hann hefur verið kaupandi í skilningi laga nr. 94/2001, en af viðeigandi gagnaðila samnings ef samningur hefur verið gerður við einka-aðila. Ef ekki er unnt að afla vottorðs eða staðfestingar einkaaðila getur bjóðandi gefið vottorð út sjálfur.

Pegar um er að ræða vottorð um verk sem unnin hafa verið með fullnægjandi hætti undanfarin fimm ár samkvæmt a. lið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 94/2001 skal koma fram í þeim fjárhæð samnings, dagsetning og staðsetning verks, og hvort viðeigandi reglum var fylgt og verk klárað með fullnægjandi hætti. Þar sem við á skal viðeigandi opinber aðili afhenda kaupanda þessi vottorð milliliðalaust.

Upplýsingar um hæfni og menntun yfirmanna samkvæmt c. lið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 94/2001 skulu eingöngu taka til undangenginna þriggja ára.

Bjóðandi getur sýnt fram á tæknilegt hæfi sitt með því að vísa til þess að hluti samnings verði falinn undirverktaka eða öðrum þriðja aðila, enda skal þá sá aðili fullnægja kröfum útboðsgagna til tæknilegrar getu, sbr. 31. gr. laga nr. 94/2001. Bjóðandi getur jafnframt sýnt fram á tæknilegt hæfi sitt með yfirlýsingu um meðalfjölda starfsmanna fyrirtækis ár hvert og fjölda yfirmanna á undanförunum þremur árum.

14. gr.

Vottorð um að fullnægt hafi verið gæðakröfum.

Þar sem kaupandi krefst þess að gefið sé út vottorð af óháðum aðila til staðfestingar á því að þjónusta standist ákveðnar gæðakröfur, skulu gæðamatskerfi samkvæmt evrópska staðlinum EN 29 000 notuð og vottunaraðili fullnægja evrópska staðlinum EN 45 000. Kaupendur skuli viðurkenna sambærileg vottorð frá aðilum í öðrum ríkjum Evrópska efnahags-svæðisins. Þeir skulu einnig taka við vottorðum af sambærilegum gæðum frá bjóðendum sem geta ekki aflað sér vottorða sem þessara eða geta það ekki innan settra tímamarka.

15. gr.

Óeðlilega lág tilboð.

Ef taka á lágsta tilboði samkvæmt útboðsgögnum skal kaupandi tilkynna fjármálaráðuneytinu og Eftirlitsstofnun EFTA um öll tilboð sem hann hefur hafnað með vísan til þess að þau væru óeðlilega lág.

16. gr.

Sérleyfi á sviði þjónustu.

Ef kaupandi veitir aðila, sem ekki er kaupandi í skilningi laga nr. 94/2001, rétt til að starfrækja opinbera þjónustu skal kveða á um það í leyfisbréfi eða tryggja með öðrum sambærilegum hætti að umræddur aðili virði regluna um bann við mismunun á grundvelli þjóð-

ernis þegar þjónustan er veitt. Þetta gildir án tillits til þess hvert form þjónustuaðilans er að lögum.

17. gr.

Trúnaður við bjóðendur.

Kaupandi skal gæta trúnaðar um upplýsingar sem hann fær frá bjóðendum, eftir því sem efni og eðli upplýsinganna gefur tilefni til.

18. gr.

Sérleyfissamningar um verk.

Kaupandi sem hyggst gera sérleyfissamning um verk yfir viðmiðunarfjárhæð reglugerðar nr. 513/2001 skal tilkynna og auglýsa þá fyrirætlun sína eins og nánar greinir í X. kafla laga nr. 94/2001.

Kaupandi getur krafist þess að umsækjendur um sérleyfi tiltaki að hvaða marki, ef einhverju, þeir hyggist fela framkvæmd samnings þriðju aðilum. Kaupandi getur einnig krafist þess að sérleyfishafi feli þriðju aðilum framkvæmd samnings sem nemur a.m.k. 30% af heildarvirði hans, þó þannig að sérleyfishafa sé heimilt að hafa þennan hluta stærri. Þennan lágmarkshluta skal tiltaka í samningi um sérleyfi.

Ef sérleyfishafi er kaupandi í skilningi laga nr. 94/2001 skal hann fylgja þeim lögum og reglum settum samkvæmt þeim við gerð verksamninga við þriðju aðila. Aðrir sérleyfishafar skulu fylgja reglum um opinber innkaup um tilkynningar og auglýsingar þegar um er að ræða verksamninga yfir viðmiðunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. Þetta á þó ekki við ef skilyrðum til samningskaupa án undanfarandi birtingar auglýsingar er fullnægt, sbr. 20. gr. laga nr. 94/2001.

Ef fleiri aðilar standa sameiginlega að sérleyfissamningi skal ekki litið á samninga þeirra á milli sem samninga sérleyfishafa við þriðju aðila. Sama á við um viðsemjendur sem eru í eignatengslum við sérleyfishafa. Viðsemjandi telst í eignatengslum við sérleyfishafa ef sérleyfishafinn hefur yferráð yfir honum, beint eða óbeint; viðsemjandinn er í slíkri aðstöðu gagnvart sérleyfishafa eða sérleyfishafinn og viðsemjandinn eru bæði undir yfirráðum sama aðila vegna eignar, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna um stjórn þeirra. Gert skal ráð fyrir því að aðili hafi yferráð yfir öðrum aðila þegar hann á meirihluta hlutfjár, stjórnar meirihluta atkvæða sem tengjast hlutabréfum eða getur tilnefnt meirihluta af stjórn fyrirtækis. Umsækjandi um sérleyfi skal láta fylgja ítarlegan lista yfir fyrirtæki sem hann hefur yferráð yfir. Breyta skal þessum lista í samræmi við breytingar á tengslum viðkomandi fyrirtækja.

Þegar um er að ræða innkaup sérleyfishafa, sem ekki telst kaupandi í skilningi laga nr. 94/2001, skal frestur til að tilkynna um þátttöku í samningskaupum eða forvali ekki vera skemmri en 37 dagar frá sendingu tilkynningar, en tilboðsfrestur í almennu útboði ekki vera skemmri en 40 dagar frá sendingu tilkynningar.

19. gr.

Samningar um hönnun og byggingu húsnæðis á vegum hins opinbera.

Í auglýsingu um útboð samkvæmt 58. gr. laga nr. 94/2001 skal m.a. birta verklýsingu, eins nákvæma og við verður komið, til þess að gera áhugasömum verktökum kleift að gera sér raunhæfa mynd af verkinu. Enn fremur skulu kaupendur greina frá persónulegum, tækni- legum og fjárhagslegum skilyrðum, sem umsækjendur þurfa að uppfylla, í útboðsauglýsingunni í samræmi við ákvæði 28. gr. til 31. gr. laga nr. 94/2001.

Þegar 58. gr. laga nr. 94/2001 er beitt skal að öðru leyti fara að reglum um auglýsingar í lokuðum útboðum og val á bjóðendum í forvali.

20. gr.

Tilkynning um einstök kaup á verkum.

Í tilkynningu um heildarinnkaup á verkum samkvæmt 59. gr. laga nr. 94/2001 skal lýsa aðaleinkennum áætlaðra samninga.

21. gr.

Áætlun fjárhæða fyrir verksamninga.

Þegar verk skiptist í fleiri hluta sem hver um sig er andlag sérstaks samnings, er skylt að taka tillit til allra hluta þegar áætluð fjárhæð samnings er ákveðin með hliðsjón af viðmiðunar fjárhæðum, sbr. reglugerð nr. 513/2001. Verði samanlögð fjárhæð hluta jafnhá eða hærri viðmiðunar fjárhæð gilda reglur X. kafla laga nr. 94/2001 um alla hlutana. Heimilt er að víkja frá þessu ef fjárhæð einstakra hluta er innan við 87.400.000 krónur, án virðisaukaskatts, svo fremi áætluð heildarfjárhæð þeirra hluta, sem undanþegnir eru, fari ekki fram yfir 20% af heildarfjárhæð allra verkhlutanna.

22. gr.

Áætlun fjárhæða vegna þjónustukaupa.

Þegar þjónustu er skipt upp í nokkra hluta er skylt að taka tillit til allra hluta þegar áætluð fjárhæð samnings er ákveðin með hliðsjón af viðmiðunar fjárhæðum, sbr. reglugerð nr. 513/2001. Verði samanlögð fjárhæð hluta jafnhá eða hærri viðmiðunar fjárhæð gilda reglur X. kafla laga nr. 94/2001 um alla hlutana. Heimilt er að víkja frá þessu ef fjárhæð einstakra hluta er innan við 6.992.000 krónur, án virðisaukaskatts, svo fremi áætluð heildarfjárhæð þeirra hluta, sem undanþegnir eru, fari ekki fram yfir 20% af heildarfjárhæð allra verkhlutanna.

23. gr.

Skýrsla um opinber innkaup yfir viðmiðunar fjárhæðum EES.

Fjármálaráðuneytið skal útbúa skýrslu, þar sem fram kemur fjöldi og fjárhæð samninga um opinber innkaup yfir viðmiðunar fjárhæðum EES sem einstakir kaupendur gera árlega.

Í skýrslunni skal koma fram fjöldi og fjárhæð samninga sem hver kaupandi eða flokkur kaupenda hefur gert yfir viðmiðunar fjárhæðum, sundurliðað að svo miklu leyti sem unnt er eftir innkaupsaðferð, flokki þjónustu eða þjóðerni þjónustuveitenda og, þegar um samningskaup er að ræða, sundurliðað í samræmi við lagaheimild samningskaupa, þar sem skráður er fjöldi og fjárhæð samninga sem hvert aðildarríki og þriðju lönd hafa fengið í sinn hlut.

24. gr.

Nánar um heimild til samningskaupa.

Heimild d. liðar 20. gr. laga nr. 94/2001 til samningskaupa verður aðeins beitt þegar fyrir hendi er brýn nauðsyn eða mjög krefjandi aðstæður, enda sé öðrum skilyrðum liðsins fullnægt.

Heimild g. liðar 20. gr. laga nr. 94/2001 til samningskaupa verður aðeins beitt vegna nýrrar þjónustu eða verks sem er endurtekning sambærilegra verkefna og áður var samið um af sömu samningsyfirvöldum og ef tekið hefur verið tillit til heildarkostnaðar þjónustu eða verks í því útboði sem lá til grundvallar fyrsta samningi enda sé öðrum skilyrðum liðsins fullnægt.

Heimild f. liðar 20. gr. laga nr. 94/2001 til samningskaupa nær jafnframt til þess þegar um er að ræða viðbótarþjónustu.

25. gr.

Listar yfir viðurkennda veitendur vöru, þjónustu og verka.

Þjóðendur, sem skráðir eru á opinberum listum yfir viðurkennda veitendur vöru, þjónustu eða verka í öðrum ríkjum EES geta fært sönnur á þau atriði sem greinir í 28. gr. til 31. gr. laga nr. 94/2001 með viðeigandi vottorði um þá skráningu. Í vottorði skal vera vísað til þeirra atriða sem heimiluðu skráningu og flokkun í lista.

Óheimilt er að véfengja vitneskju sem skráning samkvæmt vottorði ber með sér. Heimilt er samt sem áður að krefja skráðan þjónustuveitanda aukalega um staðfestingu á greiðslum framlaga til almannatrygginga hvenær sem boðið er til samninga. Þetta á aðeins við ef opinber listi er til í heimalandi þjóðanda.

26. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 12. gr., 56. gr., 63. gr., 67. gr. og 85. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 25. ágúst 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Þórhallur Arason.

REGLUGERÐ

um aldinsultur og sambærilegar vörur.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um aldinsultur og sambærilegar vörur sem skilgreindar eru í 2. gr. Reglugerðin gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins eða um vörur sem ætlaðar eru til framleiðslu á kaffibrauði, sætabrauði eða kexi.

2. gr.

Skilgreiningar.

Sulta er hæfilega hlaupkennd blanda af vatni, sykri og aldinkjöti og/eða mauki úr einni eða fleiri tegundum ávaxta. Sítrusávaxtasultu má þó framleiða úr heilum ávöxtum, skornum í ræmur og/eða sneiðar. Magn aldinkjöts og/eða mauks sem er notað til að framleiða 1 kg af fullunninni vöru skal ekki vera minna en 350 g nema í eftirtöldum tilvikum:

- rifsber, reyniber, strandþyrni, sólber, rósaber og kveður 250 g
- engifer 150 g
- kasúaldin 160 g
- ástaraldin 60 g

Sulta í sérflokki er hæfilega hlaupkennd blanda af vatni, sykri og óþykktu aldinkjöti einnar eða fleiri tegundar ávaxta. Þó má vinna sultu í sérflokki úr rósaberjum og steinlausum hindberjum, brómberjum, sólberjum, bláberjum og rifsberjum að hluta til eða að öllu leyti úr óþykktu mauki þessara ávaxta. Sítrusávaxtasultu í sérflokki má framleiða úr heilum ávöxtum, skornum í ræmur og/eða sneiðar. Eftirtöldum tegundum má ekki blanda saman við aðra ávexti við framleiðsu á sultu í sérflokki: eplum, perum, plómum með steini, melónum, vatnsmelónum, vínberjum, graskerum, agúrkum og tómötum. Magn aldinkjöts sem er notað til að framleiða 1 kg af fullunninni vöru skal ekki vera minna en 450 g nema í eftirtöldum tilvikum:

- rifsber, reyniber, strandþyrni, sólber, rósaber og kveður 350 g
- engifer 250 g
- kasúaldin 230 g
- ástaraldin 80 g

Hlaup er hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og safu og/eða ávaxtaseyði úr einni eða fleiri tegundum ávaxta. Magn safu og/eða ávaxtaseyðis sem er notað til að framleiða 1 kg af fullunninni vöru skal ekki vera minna en það magn sem tilgreint er fyrir framleiðslu sultu, reiknað eftir að þýngd vatnsins sem er notað til að framleiða ávaxtaseyðið hefur verið dregin frá.

Hlaup í sérflokki er hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og safu og/eða ávaxtaseyði úr einni eða fleiri tegundum ávaxta að undanskildum eplum, perum, plómum með steini, melónum, vatnsmelónum, vínberjum, graskerum, agúrkum og tómötum. Magn safu og/eða ávaxtaseyðis sem er notað til að framleiða 1 kg af fullunninni vöru skal ekki vera minna en það magn sem tilgreint er fyrir framleiðslu á sultu í sérflokki, reiknað eftir að þýngd vatnsins sem notað er til að framleiða ávaxtaseyðið hefur verið dregin frá.

Marmelaði er hæfilega hlaupkennd blanda af vatni, sykri og einni eða fleiri af eftirtöldum vörum sem eru unnar úr sítrusávöxtum: aldinkjöti, mauki, safu, ávaxtaseyði og berki. Magn sítrusávaxta sem er notað við framleiðslu á 1 kg af fullunninni vöru skal ekki vera minna en 200 g, og þar af 75 g eða meira úr innlagi aldinveggjar (endocarp). Nota má heitið „*marmelaði*hlaup“ þegar varan inniheldur engin óuppleysanleg efni nema þegar um er að ræða fínskorinn bök í mjög litlu magni.

Sætt kastaníuhnetumauk er hæfilega hlaupkennd blanda af vatni, sykri og a.m.k. 380 g af kastaníuhnetumauki (*Castanea sativa*) í 1 kg af fullunninni vöru.

3. gr.

Skilyrði fyrir framleiðslu og dreifingu.

Einungis er heimilt að dreifa vörum samkvæmt 2. gr. ef þær eru í samræmi við skilgreiningar og önnur ákvæði reglugerðarinnar. Við framleiðslu á vörum samkvæmt 2. gr. má einungis nota innihaldsefni sem eru tilgreind í viðauka 1 og hráefni sem uppfylla skilyrði í viðauka 2 að teknu tilliti til reglugerðar um aukefni í matvælum.

4. gr.

Innihaldsefni og þurrefnainnihald.

Leysanleg þurrefni skulu vera a.m.k. 60% af vöru, ákvarðað með ljósbrotsmælingu, nema þegar sætuefni hafa að hluta til eða að öllu leyti verið notuð í stað sykurs. Í sérstökum tilvikum og með vísan til 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu

og kynningu matvæla getur Umhverfisstofnun heimilað notkun heitis sem skilgreint er í 2. gr. fyrir vörur sem innihalda minna en 60% þurrrefni.

5. gr.

Merkingar.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, með síðari breytingum, skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum þar sem við á:

- a) Vöruheiti sem fram koma í 2. gr. gilda nema þegar um blöndur ávaxtategunda er að ræða. Þá skal það lágmarksinnihald af mismunandi tegundum ávaxta sem tiltekið er í skilgreiningunum í 2. gr., minnkað í hlutfalli við heildarmagn ávaxta sem notað er. Vöruheiti samkvæmt 2. gr. má þó nota til viðbótar nafni, á aðrar vörur og til samræmis við venjur, enda sé ekki hægt að rugla þeim saman við vörurnar samkvæmt 2. gr.
- b) Vöruheiti samkvæmt 2. gr. ásamt upplýsingum um tegund ávaxtarins sem notaður er eða ávextina sem notaðir eru í röð eftir minnkandi magni;
- c) fyrir vörur unnar úr þremur eða fleiri tegundum ávaxta er heimilt að nota merkinguna „blandaðir ávextir“ eða upplýsingar um fjölda ávaxtategunda án þess að tilgreina tegundirnar;
- d) magn ávaxta í 100 g af fullunninni vöru;
- e) þegar næringargildi er ekki merkt skal tilgreina heildarmagn sykurs í 100 g, ákvarðað með ljósbrotsmælingu við 20°C (skekkiþykki ± 3 ljósbrotsgráður);
- f) þegar afgangur brennisteinsdíoxíðs er meira en 10 mg/kg skal tilgreina það í innihaldslýsingu þrátt fyrir 28. gr. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

6. gr.

Ábyrgð framleiðenda.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í 2. gr. séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

7. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

8. gr.

Þvingunarúrræði.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, nema þyngrri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, sbr. og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 9. tölulíð, XII. kafla, II. viðauka (tilskipun 2001/113/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aldinsultu, ávaxtahlaup og -m auk og kastaníuhnetum auk með sætuefni til manneldis).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 428/1995 um aldinsultur og sambærilegar vörur.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vegna þeirra vörutegunda sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar er veittur frestur til 12. desember 2004 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Markaðssetning vara, sem samræmast ekki þessari reglugerð en eru merktar fyrir 12. desember 2004, er samt sem áður heimil uns birgðir eru þrotnar.

Umhverfísráðuneytinu, 20. ágúst 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI 1

Hráefni sem heimilt er að nota í vörur sem skilgreindar eru í 2. gr.:

- Hunang, samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um hunang: í þær vörur þar sem það kemur að öllu leyti eða að hluta í stað sykurs;
- ávaxtasafi: í sultur;
- safi sítrusávaxta: í sultur, sultur í sérflokkki, hlaup og hlaup í sérflokkki úr afurðum öðrum en sítrusávöxtum;
- rauður ávaxtasafi: í sultur og sultur í sérflokkki úr rósaberjum, jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rifsberjum, plómum og rabarbara;
- rauðrófusafi: í sultur og hlaup úr jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rifsberjum og plómum;
- ilmkjarnaolíur af sítrusávöxtum: í aldinmauk og aldinhlaupsmauk;
- matarolíur og fituefni sem froðueyði: í allar vörur;
- pektín í vökvaformi: í allar vörur;
- börkur af sítrusávöxtum: í sultur, sultur í sérflokkki, hlaup og hlaup í sérflokkki;
- blöð af *Pelargonium odoratissimum*: í sultur, sultur í sérflokkki, hlaup og hlaup í sérflokkki úr kveðum;
- brennda drykki, vín og vínlíkjöra, hnetur, ilmjurtir, krydd, vanillu og vanillukjarna: í allar vörur;
- vanillín: í allar vörur.

VIÐAUKI 2

A. Skilgreiningar á hráefnum

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Ávextir:

- Ferskir, hæfilega þroskaðir og óskemmdir ávextir með öllum mikilvægustu innihaldsefnum sínum eftir að hafa verið hreinsaðir, snyrtir og blóm fjarlægð.
- Tómatar, ætir hlutar rabarbarastöngla, gulrætur, sætar kartöflur, agúrkur, grasker, melónur og vatnsmelónur eru hér talin til ávaxta.

- Engifer merkir þann hluta af rót engiferplöntunnar sem er hæfur til neyslu, ferskur, þurrkaður eða geymdur í sykurlausn.

Aldinkjöt:

Sá hluti ávaxtar, með eða án hýðis og aldinsteina, sem er hæfur til neyslu, ef til vill skorinn í bita eða stappaður, en ekki maukaður.

Ávaxtamauk:

Sá hluti ávaxtarins, með eða án hýðis og aldinsteina, sem hefur verið maukaður.

Ávaxtaseyði:

Vatnsseyði ávaxta sem, með fyrirvara um óhjákvæmilegt tap við framleiðslu, innheldur alla vatnsleysanlega efnisþætti ávaxtanna sem er notaðir eru.

Sykur:

- Sykurvörur sem falla undir reglugerð um sykur og sykurvörur;
- frúktósasíróp;
- annan sykur úr ávöxtum;
- púðursykur.

B. Meðhöndlun hráefna

Heimilt er að:

- hita, kæla, frysta, frostþurrka eða þykkja, að því marki sem það er tæknilega mögulegt, þau hráefni sem skilgreind í A hluta, að undanskildum sykri. Nota má brennisteinsdíoxíð (E 220) eða sölt þess (E 221, E 222, E 223, E 224, E 226 og E 227) sem hjálparefni við framleiðslu hráefna nema þeirra sem notuð eru við framleiðslu vara í sérflokk, að því tilskildu að hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs, sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, fari ekki umfram leyfileg mörk í þeim vörum sem skilgreindar eru í 2. gr.;
- meðhöndla apríkósur og plómur sem á að nota við framleiðslu á sultu með öðrum þurrkunaraðferðum en frostþurrkun;
- geyma börk af sítrusávöxtum í saltpækli.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Flensborgarhafnar í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 27. maí 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Flensborgarhafnar í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. bæjarskipulags Hafnarfjarðar, 29. ágúst 2003.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi ræktunarlóðar á Neðra Hrísnesi, Borgarbyggð.

Breytingin felst í að bætt er við byggingarreit fyrir allt að 65 m² verkfærahús á suðurhluta lóðarinnar jafnframt því sem skilmálar eru uppfærðir.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 28. ágúst 2003.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr.	5.860
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr.	4.400

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða sé að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar
og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæði eystra gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra er heilbrigðis-
eftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé
að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Pegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærr er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 262/2002 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

Akureyri, 14. ágúst 2003.

F. h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra,

Valdimar Brynjólfsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Ísat-númer	1. flokkur	kr. 3.663		
			55.23.0.2	Orlofshúsasvæði, bændagisting án veitingasölu
01.42.0.1	Hundahótel		55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða		85.11.4.4	Vistheimili
25.21.0.2	Vinnsla með plast og frauðefni – lítil		85.11.4.5	Endurhæfing
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði		85.14.1.1	Sjúkraþjálfun
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða fyrir bifreiðar og vélar		85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.
50.20.1.0	Bón og bílaþvottur – handvirkur		85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen
52.49.1.0	Gæludýraverslun		85.20.0.3	Dýraspítalar
55.21.0.2	Fjallaskólar		85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga
55.22.0.1	Tjaldstæði – lítið		85.32.2.3	Gæsluvellir
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.		92.61.0.7	Íþróttavellir
80.42.2.0	Tónlistarskólar		92.61.0.8	Skíðasvæði og skíðaskólar án sölu óvarinna matvæla
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla		92.72.0.1	Skotvellir
85.12.2.1	Læknastofur		93.01.0.1	Þvottahús
85.20.0.1	Dýralæknastofur			Annað sambærilegt.
85.32.1.1	Dagvist í heimahúsum >6 börn í vistun			
91.31.1.1	Kirkjur án safnaðarheimilis			
92.34.0.1	Dansskólar			
92.53.0.1	Húsdýragarðar			
	Annað sambærilegt.		05.02.2.0	3. flokkur kr. 14.650
			15.20.2.0	Land- og kvíaeldi
			15.20.6.2	Saltfiskverkun
	2. flokkur kr. 7.325		15.31.0.0	Vinnsla á ferskum fiski – miðlungs
15.20.6.1	Aðstaða til vinnslu á ferskum fiski		15.71.1.0	Kartöfluvinnsla – þökkun
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði án lökkunar – lítið (1-2 starfsmenn)		15.71.2.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs
22.22.1.0	Offsetprentun – lítil		15.85.0.1	Framleiðsla fiskeldisfóðurs
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla		20.30.9.2	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði – lítið (1-2 starfsmenn)		22.22.9.1	Trésmíðaverkstæði án lökkunar
50.20.1.4	Hjólbarðaverkstæði		24.20.0.1	Prentiðnaður lítill
55.12.0.1	Gistiskólar og heimagisting án veitingasölu – lítil		25.13.0.1	Garðaúðun
55.21.0.1	Farfuglaheimili		25.21.0.1	Gúmmívinnsla
55.22.0.2	Tjaldstæði – miðlungs		25.22.0.0	Framleiðsla á plötum og rörum úr plasti
				Framleiðsla á umbúðaplasti

26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum	14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla ofaníburðar
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum til lífefnaiðnaðar og áburðargerðar
28.52.0.1	Blikksmiði		
29.11.0.0	Vélsmiða- og viðgerðarverkstæði	15.11.0.1	Sláturhús – lítil
29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	15.20.5.0	Harðfiskverkun
40.10.0.1	Spennistöðvar	15.42.0.2	Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
41.00.0.6	Vatnsveitur < 1.000 íbúar	20.10.0.1	Fúavörn á víði
50.20.0.2	Bifreiða og vélaverkstæði – miðlungs	20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun
50.20.0.8	Bifreiðaréttingar	22.21.0.0	Prentun dagblaða
50.20.0.9	Bón- og bílaþvottur – sjálfvirk	22.22.9.3	Prentiðnaður – stór
50.20.0.14	Verkstæði fyrirtækja	22.22.9.4	Prentiðnaður með framköllun
50.30.0.1	Bifreiðavaraahlutaverslanir, lítið af efnavöru	26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	28.51.0.0	Meðferð og húðun málna
52.31.0.0	Apótek	37.20.0.1	Endurvinnsla úrgangs
52.33.0.1	Snyrtivöruverslanir	41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000-5.000 íbúa
52.46.1.2	Byggingavöruverslanir – litlar	50.20.0.4	Bifreiða- og vélaverkstæði stórt/eða með lökkun
52.49.9.1	Véla- og tækjasölur		
52.49.9.4	Sala eiturefna og hættulegra efna	50.20.0.7	Bifreiðasprautun
52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum	50.20.1.1	Ryðvarnarverkstæði
55.12.0.2	Gistiheimili, gistiskálar og heimgisting án veitingasölu – miðlungs	50.20.1.2	Smurstöðvar
55.22.0.3	Tjaldsvæði – stór	50.30.0.2	Bifreiðavaraahlutaverslanir, mikið af efnavöru
63.12.0.1	Vörugeymslur – litlar	50.30.0.3	Bílapartasölur
63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur	50.50.0.0	Bensínstöðvar – sjálfvirkar
63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar	50.50.0.1	Bensínstöðvar án sölu óvarinnar matvöru
80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis	52.11.3.1	Söluturnar án sölu óvarinna matvæla
80.21.0.1	Fræðslustarfssemi á framhaldsskólastigi án mótuneytis	52.25.0.0	Áfengisverslanir
80.30.0.1	Fræðslustarfssemi á æðra námsstigi án mótuneytis	52.46.1.1	Byggingavöruverslanir – stórar
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar – litlar	52.46.2.1	Málningarvöruverslanir
85.13.1.1	Tannlæknastofur	52.49.9.3	Smásala efna í flokkum X, A og B
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	55.23.0.1	Bændagisting með veitingasölu
85.14.9.4	Húðflúrstofur	55.30.1.7	Matsöluvagnar
85.14.9.5	Húðgötu	55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi
85.32.2.1	Leikskólar án mótuneytis	55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi – lítil og miðlungs
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfssemi án sölu óvarinna matvæla	63.12.0.3	Vörugeymslur stórar
90.00.0.7	Sorþflutningar og sorphirða	63.23.0.2	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélaga	74.81.0.1	Framköllunarþjónusta – sérhæfð
91.13.0.1	Kvikmyndahús	74.81.0.2	Ljósmyndastofur með framköllun
92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	75.23.0.1	Fangelsi – lítil
92.61.0.4	Íþróttahús – lítil	80.21.0.4	Sumarbúðir
93.01.0.2	Éfnalaugar	85.11.1.1	Sjúkrahús – lítil/án mótuneytis
93.02.0.1	Hárgreiðslu- og hársnyrtistofur	85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili án mótuneytis
93.02.0.2	Snyrtistofur	85.12.1.2	Heilsugæslustöðvar, stórar
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar án heitra potta	90.00.0.4	Gámastöð
93.04.0.7	Sólbaðsstofur án heitra potta	90.00.0.5	Gámaflutningaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
93.04.0.9	Nuddstofur	90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig við flutning og hreinsun á seyru
	Annað sambærilegt	92.61.0.5	Íþróttahús – miðlungs og stór/ásamt íþróttavöllum
	4. flokkur kr. 21.975		
01.25.2.0	Loðdýrabú	93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar með heitum pottum
05.02.1.2.	Seiðaeldisstöðvar >150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	93.04.0.8	Sólbaðsstofur með heitum pottum
14.21.0.0	Malar- og sandnám		Annað sambærilegt

	5. flokkur kr. 27.835			6. flokkur kr. 38.090
01.23.0.1	Svinarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	15.20.4.1	15.20.8.1	Heitloftsþurrkun fiskafurða
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði			Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttamiðlungs
05.02.1.1	Seiðaðlisdisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	15.82.0.1	15.82.0.4	Kexverksmiðjur
05.02.4.0	Eldi sjávardýra	41.00.0.3	50.50.0.2	Kökugerðir – stórar
15.11.0.1	Sláturhús – stór	52.11.3.3	55.11.0.1	Vatnsveitur > 10.000 íbúar
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski – stór		55.40.0.5	Bensínstöðvar með matvöru
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttamiðlungs	55.11.0.1	55.51.0.2	Söluturnar með óvarin matvæli – miðlungs
15.81.0.2	Bakarí – lítil	55.40.0.5	63.21.0.1	Gististaðir með veitingasölu – litlir
15.82.0.2	Kökugerðir – litlar	55.51.0.2	75.23.0.3	Samkomusalur með fullbúnu eldhúsi
15.85.0.2	Framleiðsla vöru til matvælavinnslu		80.10.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – miðlungs
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla og þökkun	63.21.0.1	80.21.0.3	Vöruflutningamiðstöðvar
24.30.0.1	Málningarverksmiðjur	75.23.0.3	80.30.0.3	Fangelsi – stór
24.51.0.1	Hreinlætisvöruverksmiðjur	80.10.0.3	85.32.2.2	Grunnskólar með fullbúið eldhús
35.11.0.1	Stálsmiði og stálskipagerð	80.21.0.3	85.32.6.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með fullbúið eldhús
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000 – 10.000 íbúar	80.30.0.3	92.31.0.3	Fræðslustarfse mi á æðra námsstigi með fullbúið eldhús
51.31.0.2	Heildverlanir með ávexti og grænmeti			Leikskólar með fullbúið eldhús
51.36.0.0	Heildverlanir með sykurlaði og sælgæti	85.32.2.2		Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúið eldhús
51.39.0.2	Heildverlanir með önnur matvæli, drykkjarvörur og tóbak	85.32.6.2		Leikhús með fullbúið eldhús
51.44.2.0	Heildverlanir með hreingerningarefni	92.31.0.3		Annað sambærilegt.
51.45.0.1	Heildverlanir með snyrtivöru			
51.55.0.1	Heildverlanir með eiturefni og hættuleg efni	15.13.0.1		7. flokkur kr. 46.880
52.11.2.4	Matvöruverlanir án vinnslu – litlar	15.20.8.2		Kjötvinnsur – litlar
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli – litlir			Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttamiðlungs
52.24.0.1	Smásala á brauðum, kökum og sætabrauði án vinnslu	52.11.2.5	52.11.3.4	Matvöruverlanir án vinnslu – miðlungs
55.12.0.3	Gististaðir án veitingasölu – stórir			Söluturnar með óvarin matvæli – stórir
55.30.1.8	Brauðstofur	52.23.0.1	52.24.0.2	Fiskbúðir – litlar
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	52.24.0.2	55.30.1.4	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – lítil		55.30.2.0	Skyndibitastaðir – litlir
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi – stór	55.30.1.4	55.40.0.2	Skemmtistaðir með matsölu
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat – lítil starfsemi	55.40.0.2	55.51.0.3	Krár, kaffihús án matsölu
75.23.0.2	Fangelsi – miðlungs	55.51.0.3	55.52.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – stór
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	55.52.0.2		Sala á tilbúnum mat – miðlungs starfsemi
80.21.0.2	Fræðslustarfssemi á framhaldsskólastigi með móttökueldhúsi			Sundstaðir – litlir
85.30.0.2	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	92.61.0.1		Annað sambærilegt
85.11.1.2	Sjúkrahús – miðlungs/með móttökueldhúsi			
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili – miðlungs/með móttökueldhúsi	15.13.0.4	15.33.0.2	8. flokkur kr. 55.680
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	15.33.0.2	15.43.0.0	Kjötvinnsur með reykingu – litlar
85.32.6.1	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	15.43.0.0	15.81.0.3	Salatgerð
92.31.0.2	Leikhús með móttökueldhúsi	15.81.0.3	15.84.0.1	Smjörlíkisgerð
	Annað sambærilegt	15.84.0.1	15.86.0.0	Bakarí – miðlungs
		15.86.0.0	15.96.0.0	Súkkulaði- og sælgætisgerð
		15.96.0.0	15.98.0.2	Te- og kaffiframleiðsla
		15.98.0.2		Bjórgerð
		50.50.0.3		Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja
				Bensínstöðvar með veitingasölu

52.11.2.1	Matvöruverslanir með vinnslu – litlar	85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili – stór/með fullbúnu eldhúsi
52.11.2.6	Matvæla-verslun án vinnslu – stór		Sundstaðir stórir
52.23.0.3	Fiskbúðir – stórar	92.61.0.3	Annað sambærilegt
52.24.0.3	Smásala á brauði, kökum og sæta- brauði með vinnslu og veitingasölu		
55.11.0.2	Hótel með veitingasölu – miðlungs		10. flokkur kr. 87.930
55.30.1.1	Matsölustaðir – litlir	15.13.0.5	Kjötvinnsur með reykingu – miðlungs
55.30.1.5	Skyndibitastaðir – miðlungs	15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	52.11.2.3	Matvöruverslanir með vinnslu – stórar
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat – stór	55.30.1.3	Matsölustaðir stórir
92.61.0.2	Sundstaðir – miðlungs	85.11.1.3	Sjúkrahús, stór með fullbúnu eldhúsi
	Annað sambærilegt		Annað sambærilegt
	9. flokkur kr. 67.410		11. flokkur kr. 96.730
15.13.0.2	Kjötvinnsur – miðlungs	15.13.0.3	Kjötvinnsur stórar
15.51.0.1	Mjólkurbú	55.11.0.3	Hótel með veitingasölu – stór
15.81.0.4	Bakarí – stór		Annað sambærilegt
52.11.1.2	Stórmarkaðir án matvælavinnslu		12. flokkur kr. 108.450
52.11.2.2	Matvöruverslun með vinnslu – miðlungs	15.13.0.6	Kjötvinnsur með reykingu – stórar
55.30.1.2	Matsölustaðir – miðlungs	52.11.1.1	Stórmarkaðir með matvælavinnslu
55.30.1.6	Skyndibitastaðir – stórir		Annað sambærilegt

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulag frístunabyggðar, hesthúss og skemmu í landi Kringlu.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt deiliskipulag frístunabyggðar, hesthúss og skemmu í landi Kringlu, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulag við Hvítárbraut 31 og 33 í landi Vaðness.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt deiliskipulag við Hvítárbraut 31 og 33 í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Ofangreind deiliskipulög sem auglýst eru með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 taka gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 29. ágúst 2003.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samningin og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirfarandi ákvörðunar sameiginlegu EES nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi og er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 221/2002, frá 6. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 um hámarks magn tiltekinnna mengunarefna í matvælum.

Reglugerðin var felld inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 139/2002 frá 8. nóvember 2002 sem var birt í EES viðbæti 23. janúar 2003.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 20. ágúst 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 221/2002**

frá 6. febrúar 2002

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 um hámarks magn tiltekinna mengunarefna í matvælum.

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 315/93 skal ákvarða hámarksviðmiðunargildi fyrir mengunarefni í matvælum í því skyni að stuðla að almannaheilbrigði.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 ⁽²⁾, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2375/2001 ⁽³⁾, er kveðið á um hámarksviðmiðunargildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum og gildir sú ákvörðun frá 5. apríl 2002. Einkum eru sett mörk í I. viðauka við hana um blý, kadmíum og kvikasilfur í tilteknum fiskafurðum.
- 3) Mikilvægt er, til að stuðla að almannaheilbrigði, að mengunarefnum sé haldið við gildi sem eru viðunandi í eiturefnafræðilegu tilliti. Hámarksviðmiðunargildi fyrir blý, kadmíum og kvikasilfur verður að vera öruggt, eins lágt og mögulegt er og byggt á góðum

starfsvenjum við framleiðslu og í landbúnaði eða fiskveiðum. Á grundvelli nýrra greiningargagna er nauðsynlegt að endurskoða viðkomandi ákvæði I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar þessi mengunarefni í tilteknum fiskafurðum. Endurskoðuðu ákvæðin fela í sér viðtæka vernd fyrir heilsu neytenda.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 5. apríl 2002.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David Byrne

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Sjátið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.⁽²⁾ Sjátið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.⁽³⁾ Sjátið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. þætti (Pungmálmar) í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001:

- a) þegar um er að ræða blý (Pb) komi eftirfarandi í stað liða 3.1.4, 3.1.4.1 og 3.1.6:

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
„3.1.4. Fiskkjöt (*) samkvæmt skilgreiningu í flokki a, b og e í skránni í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22), að frátöldum þeim fisktegundum sem skráðar eru í lið 3.1.4.1	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.4.1. Kjöt (*) af råkungi (<i>sarda sarda</i>), tvírandaflekk (<i>Diplodus vulgaris</i>), áli (<i>Anguilla anguilla</i>), gráröndungi (<i>Mugil labrosus labrosus</i>) flekkjarytara (<i>Pomadasys benneti</i>), hrossamakríl eða brynstirtlu (<i>Trachurus trachurus</i>), sardínun (<i>Sardina pilchardus</i>), suður-afrikusardínellun (<i>Sardinops-tegundum</i>), dílavörturum eða -börtrum (<i>Dicentrarchus punctatus</i>), túnfiski (tegundunum <i>Thunnus</i> og <i>Euthynnus</i>) og senegalsólflúru (<i>Dicologlossa cuneata</i>)	0,4	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.6. Samlokur (tvískelja lindýr)	1,5	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

(*) Þegar fiskurinn er ætlaður til neyslu í heilu lagi á hámarksviðmiðunargildið við um allan fiskinn.“

- b) þegar um er að ræða kadmíum (Cd) komi eftirfarandi í stað liða 3.2.5, 3.2.5.1 og 3.2.6:

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
„3.2.5. Fiskkjöt (*) samkvæmt skilgreiningu í flokki a, b og e í skránni í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 104/2000, að frátöldum þeim fisktegundum sem skráðar eru í lið 3.2.5.1	0,05	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.5.1. Kjöt (*) af råkungi (<i>sarda sarda</i>), tvírandaflekk (<i>Diplodus vulgaris</i>), áli (<i>Anguilla anguilla</i>), evrópskum ansjósum (<i>Engraulis encrasicolus</i>), gráröndungi (<i>Mugil labrosus labrosus</i>), hrossamakríl eða brynstirtlu (<i>Trachurus trachurus</i>), þverhausum (<i>Luvarus imperialis</i>), sardínun (<i>Sardina pilchardus</i>), suður-afrikusardínellun (<i>Sardinops-tegundum</i>), túnfiski (tegundunum <i>Thunnus</i> og <i>Euthynnus</i>) og senegal-sólflúru (<i>Dicologlossa cuneata</i>)	0,1	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.6. Krabbadýr, að frátöldu brúnu krabbakjöti og kjöti af haus og hala humars og annarra stórra krabbadýra (<i>Nephropidae</i> og <i>Palinuridae</i>)	0,5	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

(*) Þegar fiskurinn er ætlaður til neyslu í heilu lagi á hámarksviðmiðunargildið við um allan fiskinn.“

c) þegar um er að ræða kvikasilfur (Hg) komi eftirfarandi í stað liðar 3.3.1.1:

Afurd	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
„3.3.1.1. Skötuselur (<i>Lophius-tegundir</i>), steinbitur (<i>Anarhichas lupus</i>), barri (<i>Dicentrarchus labrax</i>), blálanga (<i>Molva dipterygia</i>), rákungar (<i>Sarda sarda</i>), áll (<i>Anguilla-tegundir</i>), búri (<i>Hoplostethus atlanticus</i>), slétthali (<i>Coryphaenoides rupestris</i>), lúða/flyðra (<i>Hippoglossus hippoglossus</i>), merlingur (<i>Makaira-tegundir</i>), gedda (<i>Esox lucius</i>), rákleysingi (<i>Orcynopsis unicolor</i>), portúgalskur deplaháfur (<i>Centroscymnes coelolepis</i>), skötur (<i>Raja species</i>), gullkarfi, djúpkarfi, litlikarfi (<i>Sebastes marinus</i> , <i>S. mentella</i> , <i>S. viviparus</i>), seglfiskur (<i>Istiophorus platypterus</i>), stinglax (marbendill) (<i>Lepidopus caudatus</i> , <i>Aphanopus carbo</i>), hákarl (allar tegundir), slöngumakrill eða smjörfiskur (<i>Lepidocybium flavobrunneum</i> , <i>Ruvettus pretiosus</i> , <i>Gempylus serpens</i>), styrjur (<i>Acipenser-tegundir</i>), sverðfiskur (<i>Xiphias gladius</i>), túnfiskar (tegundirnar <i>Thunnus</i> og <i>Euthynnus</i>)	1,0 mg/kg	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB“

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB gerðir gildi hér á landi:

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001, frá 8. mars 2001 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 81 frá 25. júní 2002 og var birt í EES viðbæti 3. október 2002.
- Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2357/2001, frá 29. nóvember 2001 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 þar sem sett eru hámarksgildi

fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 81 frá 25. júní 2002 og var birt í EES viðbæti 3. október 2002.

- c) Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 257/2002, frá 12. febrúar 2002, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum og breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001, þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 100 frá 12. júlí 2002 og var birt í EES viðbæti 31. október 2002.

Framangreindar EB-gerðir eru birtar sem fylgiskjal 1-3 við reglugerð þessa.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Við birtingu þessarar reglugerðar falla brott eftirtaldir viðaukar við reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum: viðauki 3 að því er varðar blý, dioxín, kadmín, PCB-efni og 3-MCPD; viðauki 4 og viðauki 5. Auk þess fellur niður reglugerð nr. 357/2002 um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

Umhverfisráðuneytinu, 20. ágúst 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 466/2001****frá 8. mars 2001****um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð bandalagsins vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 315/93 skal ákvarða hámarksviðmiðunargildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum í því skyni að stuðla að almannaeilbrigði. Samþykkinga skal fyrirnefnd hámarksviðmiðunargildi í formi bandalagsskrár sem ekki er tæmandi og geta þar komið fram gildi fyrir sama mengunarefni í ólíkum matvælum. Heimilt er tilgreina þær sýnatöku- og greiningaraðferðir sem nota ber.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1566/1999 ⁽³⁾, hefur verið breytt alloft. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er réttast endursemjja hana til glöggvunar.
- 3) Mikilvægt er, til að stuðla að almannaeilbrigði, að mengunarefnum sé haldið við gildi sem eru viðunandi

í eiturefnafræðilegu tilliti. Draga verður enn frekar úr tilvist mengunarefna þar sem því verður við komið með góðum framleiðslu- eða landbúnaðarháttum í því skyni að bæta heilsuvernd, einkum hjá viðkvæmum hópum íbúanna.

- 4) Með hliðsjón af ósamræmi milli laga aðildarríkjanna, að því er varðar hámarksviðmiðunargildi fyrir mengunarefni í tilteknum matvælum og hættu á röskun á samkeppni af þeim sökum, er nauðsynlegt að gera ráðstafanir í bandalaginu í því skyni að stuðla að heildstæðum markaði og halda jafnframt meðalhófs-regluna í heiðri.
- 5) Aðildarríkin skulu samþykka viðeigandi ráðstafanir til þess að hafa eftirlit með magni mengunarefna í matvælum.
- 6) Til þessa hafa ekki verið sett í löggjöf bandalagsins hámarksviðmiðunargildi fyrir mengunarefni í matvælum, ætluðum ung- og smábörnum sem falla undir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/50/EB ⁽⁵⁾, og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/39/EB ⁽⁷⁾. Að höfðu samráði við vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli skulu hámarksviðmiðunargildi fyrir þessi matvæli ákvörðuð eins fljótt og auðið er. Fram að þeim tíma skulu þau gildi, sem sett eru í þessari reglugerð, einnig gilda um þessi matvæli svo fremi innlend löggjöf hafi ekki sett strangari mörk.

⁽¹⁾ Stjórið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.⁽²⁾ Stjórið. EB L 31, 1.2.1997, bls. 48.⁽³⁾ Stjórið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 17.⁽⁴⁾ Stjórið. EB L 175, 4.7.1991, bls. 35.⁽⁵⁾ Stjórið. EB L 139, 2.6.1999, bls. 29.⁽⁶⁾ Stjórið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17.⁽⁷⁾ Stjórið. EB L 124, 18.5.1999, bls. 8.

- 7) Til að forðast þynningu skulu matvælainnihaldsefni, sem notuð eru við framleiðslu samsettra matvæla, samræmast þeim hámarksviðmiðunargildum sem sett eru í þessari reglugerð áður en þeim er bætt í fyrrnefnd samsett matvæli.
- 8) Menn fá nítröt aðallega úr grænmeti. Í álitsgerð sinni frá 22. september 1995 lýsir vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli því yfir að heildarneysla nítрата sé almennt langt undir viðteknum dagskammti. Nefndin mælti þó með því að áframhald yrði á þeirri viðleitni að draga úr váhrifum nítрата samfara neyslu matvæla og vatns, þar sem nítröt geta breyst í nítrít og nítrósamín, og hvatti til þess að teknar yrðu upp góðar starfsvenjur í landbúnaði til þess að tryggja eins lágt nítratmagn og kostur er. Vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli lagði áherslu á að áhyggjur af tilvist nítrats ættu ekki að verða til þess að leita fólk til að auka grænmetisneyslu þar sem grænmeti gegnir mikilvægu næringarhlutverki og er mikilvægur hluti af heilsuvernd.
- 9) Sérstakar ráðstafanir, sem miða að því að ná betri tókum á uppsprettum nítrats, og reglum um góðar starfsvenjur í landbúnaði geta stuðlað að því að minnka nítratmagn í grænmeti. Veðurskilyrði hafa þó einnig áhrif á magn nítрата í ákveðnum grænmetis-tegundum. Því ber að ákveða breytileg hámarksviðmiðunargildi fyrir nítrat í grænmeti eftir árstíma. Veðurskilyrði eru mjög ólík frá einu svæði til annars í bandalaginu. Því ber að heimila aðildarríkjum að leyfa á aðlögunartímabili markaðssetningu salats og spínats sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra og inniheldur nítrat í ríkari mæli en mælt er fyrir um í liðum 1.1 og 1.3 í I. viðauka, að því tilskildu að það fyrirfinnist í því magni sem er viðunandi með tilliti til almannaheilbrigðis.
- 10) Salat- og spínatframleiðendum, með staðfestu á þeim aðildarríkjum sem hafa gefið fyrrnefnd leyfi, ber að breyta búskaparháttum sínum smám saman með því að beita þeim góðu starfsvenjum sem er mælt með á landsvísi, þannig að þeir geti í lok aðlögunartímabilsins uppfyllt skilyrði um hámarksviðmiðunargildi sem mælt er fyrir um á vettvangi bandalagsins. Æskilegt er að sameiginlegum gildum verði komið á eins fljótt og auðið er.
- 11) Hámarksviðmiðunargildin, sem eru ákveðin fyrir salat og spínat, skulu endurskoðuð og, sé þess nokkur kostur, lækkuð fyrir 1. janúar 2002. Endurskoðunin mun byggjast á eftirliti aðildarríkjanna og beitingu reglna um góðar starfsvenjur í landbúnaði með það í huga að fastsetja eins lág hámarksviðmiðunargildi og mögulegt er.
- 12) Við eftirlit með nítratmagni í salati og spínati og beitingu reglna um góðar starfsvenjur skal notast við aðferðir sem eru í samræmi við þau markmið og þær niðurstöður sem fást með eftirliti, einkum með tilliti til áhættu og fenginnar reynslu. Fylgst verður nákvæmlega með beitingu reglna um góðar starfsvenjur í landbúnaði í nokkrum aðildarríkjum. Aðildarríkjum ber því að tilkynna árlega um niðurstöðurnar úr eftirliti sínu og gefa skýrslu um ráðstafanir sem eru gerðar og um framfarir í kjölfar þess að reglum um góðar starfsvenjur í landbúnaði hefur verið beitt í því skyni að minnka nítratmagn og að aðildarríkin skiptist árlega á skoðunum um fyrrnefndar skýrslur.
- 13) Lægri gildi eru ákveðin fyrir salat sem er ræktað undir berum himni en það sem er ræktað undir gleri og í því skyni að tryggja virkt eftirlit skulu mörkin, sem eru ákveðin fyrir salat sem er ræktað undir berum himni, einnig gilda um salat sem er ræktað undir gleri ef ekki er um nákvæmar merkingar að ræða.
- 14) Aflatoxín eru sveppaeitur sem myndast í tilteknum tegundum könnusveppa (*Aspergillus*) sem þrífast þar sem heitt er og rakt. Aflatoxín eru krabbameinsvaldandi erfðaeitur og geta fundist í mörgum fæðutegundum. Fyrir þessi efni eru engin skilgreind mörk þar sem gera má ráð fyrir að viðkomandi efni, væru þau undir mörkunum, hafi engin skaðleg áhrif. Af þessum sökum er ekki hægt að ákvarða leyfilegan hámarksdagskammt. Núverandi vísinda- og tæknipækkning og framfarir, sem orðið hafa á sviði framleiðslu og geymslu, hafa ekki komið í veg fyrir vöxt þessara myglusveppa og þar af leiðandi hefur ekki reynst mögulegt að tryggja að aflatoxín finnist alls ekki í matvælum. Af þessum sökum er hygglegst að ákvarða eins lág mörk og framast er unnt.
- 15) Hvetja ber til allra aðgerða sem miða að því að bæta aðferðir við framleiðslu, uppskeru og geymslu sem draga úr líkum á að myglusveppir þrífist. Aflatoxín eru flokkur efna sem nær til fjölda efnasambanda með mismunandi eiturverkun og þau eru misjafnlega algeng í matvælum. Aflatoxín B1 er langeitradast þessara efnasambanda. Til öryggis er ráðlegt að takmarka bæði heildarmagn aflatoxína í matvælum (efnasamböndin B1, B2, G1 og G2) og innihald aflatoxíns B1. Aflatoxín M1 er efnaskiptaafurð aflatoxíns B1 og finnst í mjólk og mjólkurafurðum úr dýrum sem hafa fengið mengað fóður. Þótt aflatoxín M1 sé ekki talið jafnhættulegt krabbameinsvaldandi erfðaeitur og aflatoxín B1 er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að það finnist í mjólk og mjólkurafurðum, ætluðum til manneldis, einkum ef þessar afurðir eru ætlaðar ungum börnum.

- 16) Viðurkennt er að draga megi úr innihaldi aflatoxína í jarðhnetum, hnetum og þurrkuðum ávöxtum með flokkun eða öðrum aðferðum. Til þess að draga sem mest úr áhrifum á verslun skal leyfa meira innihald aflatoxína í þeim afurðum sem eru ekki ætlaðar beint til manneldis eða eru innihaldsefni í matvælum. Í þeim tilvikum er hámarksviðmiðunargildi fyrir aflatoxín ákvarðað þannig að tekið er tillit bæði til mögulegs árangurs af framangreindum aðferðum, að því er varðar jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti, og til þeirrar nauðsynjar að virða þau mörk sem sett hafa verið og gilda um þessar afurðir sem ætlaðar eru beint til manneldis eða nota á sem innihaldsefni í matvælum þegar þær hafa verið meðhöndlaðar með fyrrgreindum aðferðum. Að því er varðar korn er ekki hægt að útiloka að draga megi úr aflatoxínmengun með flokkun eða öðrum aflrænum aðferðum. Til þess að ganga úr skugga um raunverulegan árangur þessara aðferða og, ef nauðsyn ber til, til þess að ákvarða sérstök hámarksviðmiðunargildi fyrir óunnið korn er gert ráð fyrir að ákvæði um hámarksviðmiðunargildi í I. viðauka gildi í takmarkaðan tíma og eingöngu um korn og unnar afurðir úr því sem ætlaðar eru beint til manneldis eða til nota sem innihaldsefni í matvælum. Ef gögn, sem réttlæta það að ákvarðað verði sérstakt hámarksviðmiðunargildi fyrir óunnið korn, liggja ekki fyrir innan nánar tiltekins tíma skal hámarksviðmiðunargildið fyrir korn og afurðir sem eru unnar úr því, ætluð beint til manneldis eða til nota sem innihaldsefni í matvælum, einnig gilda um óunnið korn.
- 17) Nauðsynlegt er að gefa upp til hvers á að nota þær afurðir sem hér er um að ræða með því að merkja þær á viðeigandi hátt svo að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim með tilliti til hinna ýmsu ákvæða um hámarksviðmiðunargildi sem sett hafa verið. Afurðir, sem innihalda meira af aflatoxínum en heimilt er samkvæmt ákvæðum um hámarksviðmiðunargildi, mega ekki fara í dreifingu, hvorki óbreyttar, blandaðar öðrum matvælum né sem innihaldsefni í öðrum matvælum. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 315/93 geta aðildarríkin haldið í gildi innlendum ákvæðum sem varða leyfilegt hámark aflatoxína í tilteknum matvælum hafi ekki verið sett nein bandalagsákvæði um þau.
- 18) Ísog blýs getur verið alvarleg ógnun við almannaheilbrigði. Blýs getur dregið úr vitsmunabroska og vitrænni færni hjá börnum og hækkuðum blóðþrýstingi og hjarta- og æðasjúkdómum í fullorðnum. Undanfarinn áratug hefur blýmagn í matvælum minnkað verulega vegna skilnings á því að blý er heilsufarsvandamál og átaks í að minnka losun blýs á upprunastað og aukinnar gæðatryggingar við iðefnagreiningu. Vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli komst að þeirri niðurstöðu í álitsgerð sinni frá 19. júní 1992 að meðalmagn blýs í matvælum virtist ekki gefa tilefni til ótta en þó beri að gera ráðstafanir til lengri tíma sem miði að því að lækka meðalmagn blýs í matvælum. Því ættu hámarksviðmiðunargildi að vera eins lág og mögulegt er.
- 19) Kadmíum getur safnast fyrir í mannlíkamanum og getur valdið nýrnatruflunum, beinskemmdum og dregið úr frjósemi. Ekki er hægt að útiloka að það sé krabbameinsvaldur hjá mönnum. Í álitsgerð sinni frá 2. júní 1995 mælti vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli með frekara átaki til að draga úr váhrifum af völdum kadmíums sem verða vegna neyslu matvæla þar sem þau eru helsta uppspretta neyslu manna á kadmíumi. Því ættu hámarksviðmiðunargildi að vera eins lág og mögulegt er.
- 20) Metýlkvikasilfur getur valdið breytingum á eðlilegum heilaþroska ungbarna og getur við hærri gildi valdið taugaskemmdum í fullorðnum. Það eru einkum fiskur og fiskafurðir sem verða fyrir kvikasilfurmengun. Til að vernda almannaheilbrigði er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/351/EBE ⁽¹⁾ mælt fyrir um hámarksviðmiðunargildi fyrir kvikasilfur í fiskafurðum. Með skírskotun til gagnsæis skulu viðeigandi ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þeirri ákvörðun, felldar inn í þessa reglugerð og uppfærðar. Mörkin skulu vera eins lág og mögulegt er, að teknu tilliti til þess að af lífeðlisfræðilegum ástæðum safnast meira kvikasilfur fyrir í vefjum tiltekinnna dýrategunda en annarra.
- 21) Við ákveðin skilyrði verður 3-mónóklórprópan-1,2-díól (3-MCPD) til við vinnslu matvæla. Einkum verður það til við framleiðslu á „vatnsrofnu jurta-prótíni“, sem er bragðaukandi matvælainnihaldsefni, framleitt með sýruvatnsrofsaðferð (acid-HVP). Með breyttu framleiðsluferli hefur á undanförmum árum náðst veruleg lækun á 3-MCPD í framangreindri afurð. Nýlega hafa ýmis aðildarríki einnig tilkynnt um hátt innihald 3-MCPD í ákveðnum sýnishornum af sojasósu. Til að framfylgja góðum framleiðsluháttum og vernda heilsu neytenda skal setja hámarksviðmiðunargildi fyrir 3-MCPD. Vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli lagði til í álitsgerð sinni frá 16. desember 1994, sem var staðfest 12. júní 1997, að líta bæri á 3-MCPD sem krabbameinsvaldandi erfðaeitur og að leifar 3-MCPD í matvælum ættu að vera ógreinanlegar. Nýlegar eiturefnarannsóknir benda til þess að efnið sé ekki krabbameinsvaldandi erfðaeitur í lífi.

(¹) Stjóð. EB L 144, 16.6.1993, bls. 23.

- 22) Hámarksviðmiðunargildin fyrir 3-MCPD í I. viðauka byggjast á álitu vísindanefndar framkvæmdastjórnarinnar um matvæli. Vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli mun endurmeta eiturhrif 3-MCPD í ljósi nýrra rannsókna. Um leið og nýtt álit vísindanefndar framkvæmdastjórnarinnar um matvæli liggur fyrir skulu hámarksviðmiðunargildin endurmetin. Þess er farið á leit við aðildarríkin að þau rannsaki hvort önnur matvæli innihaldi 3-MCPD til að hægt sé að meta þörfina á því að setja hámarksviðmiðunargildi fyrir önnur matvæli.
- 23) Reglulega skal endurskoða öll hámarksviðmiðunargildi, sem samþykkt eru innan bandalagsins, með hliðsjón af framförum í vísindum og tækni og bættum framleiðsluáferðum og starfsvenjum í landbúnaði með stöðuga lækkun hámarksviðmiðunargilda að markmiði.
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Þegar matvælin, sem um getur í I. viðauka, eru markaðsett mega þau ekki innihalda mengunarefni yfir þeim mörkum sem þar eru tilgreind.
2. Hámarksviðmiðunargildin, sem tilgreind eru í I. viðauka, skulu gilda um ætan hluta fyrgreindra matvæla.
3. Beita ber þeim sýnatöku- og greiningaraðferðum sem eru tilgreindar í I. viðauka.

2. gr.

1. Þegar um er að ræða afurðir, aðrar en þær sem um getur í 1. mgr. 4. gr., sem eru þurrkaðar, þynntar, unnar eða sem samanstanda af meira en einu innihaldsefni skal mælt fyrir um hámarksviðmiðunargildið í I. viðauka, að teknu tilliti til:
- a) breytinga á styrk mengunarefnis sem verða við þurrkun eða þynningu,
- b) breytinga á styrk mengunarefnis sem verða við vinnslu,
- c) innbyrðis hlutfalla innihaldsefnanna í afurðinni og
- d) magngreiningarmarka.

Fyrsti undirliður skal gilda í þeim tilfellum þegar ekki hafa verið sett hámarksviðmiðunargildi fyrir þessar þurrkuðu, þynntu, unnu eða samsettu afurðir.

2. Hámarksviðmiðunargildi, sem tilgreind eru í I. viðauka, skulu einnig gilda um matvæli, ætluðum ung- og smábörnum, sem tilskipun 91/321/EBE og tilskipun 96/5/EB gilda um, í þeim tilfellum þegar ekki hafa verið sett strangari gildi fyrir tilgreind matvæli í innlendra löggjöf, að teknu tilliti til breytinga á styrk mengunarefnis sem verða vegna þurrkunar, þynningar eða vinnslu og hlutfallslegs styrks innihaldsefnisins í afurðinni. Ákvarða skal sérstök hámarksviðmiðunargildi fyrir mengunarefni í þessum matvælum eigi síðar en 5. apríl 2004.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. er óheimilt að nota afurðir, sem ekki samræmast hámarksviðmiðunargildunum í I. viðauka, sem matvælainnihaldsefni til framleiðslu á samsettum matvælum.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt, þegar ástæður leyfa, að heimila tímabundið markaðssetningu salats og fersks spínats sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra og innihalda níturat í ríkara mæli en mælt er fyrir um í liðum 1.1 og 1.3 í I. viðauka, að því tilskildu að góðar starfsvenjur séu hafðar í heiðri í því skyni að ná í áföngum þeim mörkum sem mælt er fyrir um á vettvangi bandalagsins. Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni á hverju ári hvaða aðgerða gripið hefur verið til vegna framkæmdar á ákvæðum fyrsta undirliðar.

2. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 30. júní ár hvert, tilkynna nefndinni um niðurstöður eftirlits þeirra og gefa skýrslu um ráðstafanir, sem hafa verið gerðar, og framfarir að því er varðar að beita og endurbæta reglur um góðar starfsvenjur í landbúnaði með tilliti til þess að minnka níturatmagn í salati og spínati. Þessar upplýsingar skulu og innihalda þau gögn sem reglur þeirra um góðar starfsvenjur eru byggðar á.

3. Aðildarríki, sem beita ekki ákvæðum 1. mgr., skulu hafa eftirlit með níturatmagni í salati og spínati og beita reglum um góðar starfsvenjur og notast til þess við aðferðir sem eru í samræmi við sett markmið og niðurstöður sem fást með eftirliti, einkum í ljósi þeirrar áhættu, sem er fyrir hendi, og fenginnar reynslu.

4. gr.

1. Þau ákvæði um hámarksviðmiðunargildi, sem gilda um afurðirnar sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.1.1 og 2.1.2.1 í viðaukanum, skulu einnig gilda um unnar afurðir úr þeim hafi ekki verið sett sérstök ákvæði um hámarksviðmiðunargildi í þessum unnu afurðum sem er um að ræða.

2. Að því er varðar afurðirnar sem um getur í lið 2.1 í I. viðauka er lagt bann við því:

a) að blanda afurðum, sem samræmast þeim ákvæðum um hámarksviðmiðunargildi sem mælt er fyrir um í viðaukanum, saman við afurðir sem innihalda meira en hámarksviðmiðunargildi eða blanda afurðum, sem á að flokka eða meðhöndla með aflrænum aðferðum, saman við afurðir sem eru ætlaðar beint til manneldis eða á að nota sem innihaldsefni í matvælum,

b) að nota afurðir, sem samræmast ekki þeim ákvæðum um hámarksviðmiðunargildi sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.1.1, 2.1.2.1 og 2.1.3 í I. viðauka, sem innihaldsefni við framleiðslu á öðrum matvælum,

c) að afeitra afurðir með efnameðhöndlun.

3. Setja má á markað jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti, sem samræmast ekki þeim ákvæðum um hámarksviðmiðunargildi aflatoxína sem mælt er fyrir um í lið 2.1.1.1 í I. viðauka, og korn, sem samræmist ekki þeim ákvæðum um hámarksviðmiðunargildi sem mælt er fyrir um í lið 2.1.2.1, að því tilskildu að þessar afurðir:

a) séu hvorki ætlaðar beint til manneldis né til nota sem innihaldsefni í matvælum,

b) samræmist þeim ákvæðum um hámarksviðmiðunargildi fyrir jarðhnetur sem mælt er fyrir um í lið 2.1.1.2 í I. viðauka og ákvæðum um hnetur og þurrkaða ávexti í lið 2.1.1.3 í I. viðauka, og

c) séu meðhöndlaðar með flokkun eða öðrum aflrænum aðferðum og ekki sé, að lokinni þeirri meðhöndlun, farið yfir þau hámarksviðmiðunargildi, sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.1.1 og 2.1.2.1 í I. viðauka, og þessi meðhöndlun hafi ekki í för með sér myndun annarra skaðlegra efnaleifa,

d) fyrirhuguð notkun þessara afurða sé sýnd með skýrum merkingum þar sem fram kemur að „afurðina verður að flokka eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum til þess að draga úr innihaldi aflatoxína áður en hún er notuð til manneldis eða notuð sem innihaldsefni í matvælum“.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2001.

5. gr.

1. Á grundvelli niðurstaðna úr eftirliti aðildarríkjanna með því að þau hámarksviðmiðunargildi, sem mælt er fyrir um í 1. lið I. viðauka, séu virt, skýrslanna um beitingu og endurbætur á reglum um góðar starfsvenjur með tilliti til þess að minnka nítreatmagn, og mats á gögnunum, sem reglur aðildarríkjanna um góðar starfsvenjur í landbúnaði byggjast á, skal framkvæmdastjórnin hefjast handa, fimmta hvert ár og í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2002, við að endurskoða hámarksviðmiðunargildið með það að markmiði að lækka fyrrnefnd gildi.

2. Á grundvelli nýrra vísindagagna og niðurstaðna úr eftirliti aðildarríkjanna með því hvort farið sé að ákvæðum um hámarksviðmiðunargildi þungmálma og 3-MCPD í 3. og 4. lið I. viðauka skal framkvæmdastjórnin hefjast handa, fimmta hvert ár og í fyrsta sinn fyrir 5. apríl 2003, við að endurskoða hámarksviðmiðunargildin með það að markmiði að tryggja öfluga heilsuvernd neytenda.

6. gr.

Reglugerð (EB) nr. 194/97 skal fella úr gildi frá og með 5. apríl 2002.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í II. viðauka.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 5. apríl 2002. Þættir 3 (þungmálmar) og 4 (3-MCPD) í I. viðauka skulu ekki gilda um afurðir sem hafa verið markaðssettar með löglegum hætti í bandalaginu fyrir þessa dagsetningu.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

HÁMARKSVIÐMIÐUNARGILDI FYRIR TILTEKIN MENGUNAREFNI Í MATVÆLUM

1. þáttur: Nítröt ⁽¹⁾

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg NO ₃ /kg)		Sýnatökuaðferð	Tilvísunargreiningaraðferð
1.1. Ferskt spínat ⁽²⁾ (<i>Spinacia oleracea</i>)	Uppskeyra frá 1. nóvember til 31. mars:	3 000 ⁽³⁾	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/700/EBE ⁽⁴⁾	
	Uppskeyra frá 1. apríl til 31. október:	2 500 ⁽³⁾		
1.2. Varið skemmdum, djúpfrost eða frost spínat		2 000	Tilskipun 79/700/EBE	
1.3. Ferskt salat (<i>Lactuca sativa</i> L.) (ræktað undir gleri og undir berum himni)	Uppskeyra frá 1. október til 31. mars:	4 500 ⁽³⁾	Tilskipun 79/700/EBE Lágmarksfjöldi eininga á hvert rannsóknarsýni er 10	
	Uppskeyra frá 1. apríl til 30. september: að uppskeru frá 1. maí til 31. ágúst af salati ræktaðu undir berum himni undanskilinni	3 500 ⁽³⁾ 2 500 ⁽³⁾		

2. þáttur: Sveppaeitur (mýkótóxín)

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (µg/kg)			Sýnatökuaðferð	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
	B ₁	B ₁ +B ₂ +G ₁ +G ₂	M ₁		
2.1. AFLATOXÍN ⁽¹⁾					
2.1.1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir					
2.1.1.1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir og unnar afurðir úr þeim, ætlað beint til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	2 ⁽⁶⁾	4 ⁽⁶⁾	—	Tilskipun 98/53/EB ⁽⁷⁾	Tilskipun 98/53/EB
2.1.1.2. Jarðhnetur sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	8 ⁽⁶⁾	15 ⁽⁶⁾	—	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi ($\mu\text{g}/\text{kg}$)			Sýnatökuaðferð	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
	B ₁	B ₁ + B ₂ + G ₁ + G ₂	M ₁		
2.1.1.3. Hnetur og þurrkaðir ávextir sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aðferðum áður en þær eru notaðar til mannelis eða sem innihaldsefni í matvælum	5 ⁽⁶⁾ ⁽⁸⁾	10 ⁽⁶⁾ ⁽⁸⁾	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2. Korn (þ.m.t. bókhveiti, <i>Fagopyrum sp.</i>).					
2.1.2.1. Korn (þ.m.t. bókhveiti, <i>Fagopyrum sp.</i>) og unnar afurðir úr því sem nota á beint til mannelis eða sem innihaldsefni í matvælum.	2	4	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2.2. Korn (þ.m.t. bókhveiti, <i>Fagopyrum sp.</i>), sem á að flokka eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum, áður en þess er neytt eða það er notað sem innihaldsefni í matvælum	— ⁽⁹⁾	— ⁽⁹⁾	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.3. Mjólk (hrámjólk, mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk, og hitameðhöndluð mjólk samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 92/46/EBE ⁽¹⁰⁾ , eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 94/71/EB ⁽¹¹⁾)	—	—	0,05	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB

3. þáttur: Þungmálmar

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
3.1. BLÝ (Pb)			
3.1.1. Kúamjólk (hrámjólk, mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk, og hitameðhöndluð mjólk samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 92/46/EBE)	0,02	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB ⁽¹²⁾	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB
3.1.2. Ungbarnablöndur og stoðblöndur samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 91/321/EBE ⁽¹³⁾	0,02	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
3.1.3. Kjöt af nautgripum, sauðfé, svínunum og alifuglum samkvæmt skilgreiningu í a-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 64/433/EBE ⁽¹⁴⁾ , eins og henni var síðast breytt með tilskipun 95/23/EB ⁽¹⁵⁾ , og 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 71/118/EBE ⁽¹⁶⁾ , eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/79/EB ⁽¹⁷⁾ , að frátöldu slátri samkvæmt skilgreiningu í e-lið 2. gr. tilskipunar 64/433/EBE og 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 71/118/EBE	0,1	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.3.1. Ætt slátur af nautgripum, sauðfé, svínunum og alifuglum samkvæmt skilgreiningu í e-lið 2. gr. tilskipunar 64/433/EBE og 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 71/118/EBE	0,5	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.4. Fiskkjöt samkvæmt skilgreiningu í flokki a, b og e í skránni í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000, að frátöldum þeim fisktegundum sem skráðar eru í tölul. 3.1.4.1	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.4.1. Kjöt af senegalsólflúru (<i>Dicologlossa cuneata</i>), áli (<i>Anguilla anguilla</i>), dílabarra (<i>Dicentrarchus punctatus</i>), hrossamakríl eða brynstirtlu (<i>Trachurus trachurus</i>), gráröndungi (<i>Mugil labrosus labrosus</i>), tvírandaflekk (<i>Diplodus vulgaris</i>), flekkjarýtara (<i>Pomadasys benneti</i>) eða sardínum (<i>Sardina pilchardus</i>)	0,4	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.5. Krabbadýr, að frátöldu brúnu krabbakjöti	0,5	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.6. Samlokur (tvískelja lindýr)	1,0	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.7. Smokkfiskur (án innyfla)	1,0	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.8. Korn (þ.m.t. bókhveiti), belgaldin og belgjurtir	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferð
3.1.9. Grænmeti samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/642/EBE ⁽¹⁹⁾ , eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/48/EB ⁽²⁰⁾ , að frátöldu káli, blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum og öllum ætisveppum. Hvað kartöflur varðar eiga hámarksviðmiðunargildin við um afhýddar kartöflur	0,1	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.9.1. Kál, blaðgrænmeti og allir ræktaðir ætisveppir	0,3	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.10. Ávextir samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 90/642/EBE, að frátöldum berjum og smáum aldinum	0,1	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.10.1. Ber og smá aldin samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/642/EBE	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.11. Fita og olíur, þ.m.t. mjólkurfita	0,1	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.12. Aldinsafar, aldinsafaykkni (til beinnar neyslu) og nektarsafar samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 93/77/EBE ⁽²¹⁾	0,05	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.13. Vín samkvæmt skilgreiningu í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 ⁽²²⁾ (þ.m.t. freyðivín en að frátöldum vínlíkjörum), kryddvín, drykkir blandaðir með kryddvíni og hanastél, blönduð með kryddvíni, eins og þau eru skilgreind í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, og eplasítrar, perusítrar og ávaxtavín. Hámarksviðmiðunargildi eiga við um afurðir framleiddar frá og með ávaxtauppskeru ársins 2001	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
3.2. KADMÍUM (Cd) 3.2.1. Kjöt af nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum samkvæmt skilgreiningu í a-lið 2. gr. tilskipunar 64/433/EBE og 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 71/118/EBE, að frátöldu slátri samkvæmt skilgreiningu í e-lið 2. gr. tilskipunar 64/433/EBE og 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 71/118/EBE	0,05	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.2. Hrossakjöt	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.3. Lifur úr nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum	0,5	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.4. Nýru úr nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum	1,0	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.5. Fiskkjöt samkvæmt skilgreiningu í flokki a, b og e í skránni í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 104/2000, að frátöldum þeim fisktegundum sem skráðar eru í tölu. 3.2.5.1	0,05	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.5.1. Kjöt af senegalsólflúru (<i>Dicologlossa cuneata</i>), áli (<i>Anguilla anguilla</i>), ansjósum (<i>Engraulis encrasicolus</i>), Þverhausum (<i>Luvarus imperialis</i>), hrossamakríl eða brynstirtlu (<i>Trachurus trachurus</i>), gráröndungi (<i>Mugil labrosus labrosus</i>), tvírandaflekk (<i>Diplodus vulgaris</i>) eða sardínium (<i>Sardina pilchardus</i>)	0,1	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.6. Krabbadýr, að frátöldu brúnu krabbakjöti	0,5	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.7. Samlokur (tvískelja lindýr)	1,0	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.8. Smokkfiskur (án innýfla)	1,0	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.9. Korn, að frátöldu hveitiklíði, hveitikími, heilkorni og hrisgrjónum	0,1	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
3.2.9.1. Hveitiklið, hveitikím heilkorn og hrísgrjón	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.10. Sojabaukir	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.11. Grænmeti og ávextir, eins og þeir eru skilgreindir í 1. gr. tilskipunar 90/642/EBE, að frá-töldu blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, öllum ætisveppum, stilkmatjurtum, rótargrænmeti og kartöflum	0,05	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.11.1. Blaðgrænmeti, ferskar kryddjurtir, hnúðsilla (rótsellerí) og allir ræktaðir ætisveppir	0,2	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.11.2. Stilkmatjurtir, rótargrænmeti og kartöflur, að frátalinni hnúðsillu. Að því er kartöflur varðar eiga hámarksviðmiðunargildin við um afhýddar kartöflur	0,1	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.3. KVIKASILFUR 3.3.1. Fiskafurðir, að frá-töldum þeim sem eru skilgreindar í 3.3.1.1	0,5	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.3.1.1. Skötuselur (<i>Lophius</i> spp.), steinbitur (<i>Anarhichas lupus</i>), barri (<i>Dicentrarchus labrax</i>), blálanga (<i>Molva dipterygia</i>), rákungar (<i>Sarda</i> spp.), áll (<i>Anguilla</i> spp.), lúða/flyðra (<i>Hippoglossus hippoglossus</i>), túnfiskar (<i>Euthynnus</i> spp.), oddnefir (<i>Makaira</i> spp.), gedda (<i>Esox lucius</i>), rákleysingi (<i>Orcynopsis unicolor</i>), portúgalskur deplaháfur (<i>Centroscymnes coelolepis</i>), skötur (<i>Raja</i> spp.), gullkarfi, djúpkarfi, litlikarfi (<i>Sebastes marinus</i> , <i>S. mentella</i> , <i>S. viviparus</i>), seglfiskur (<i>Istiophorus platypterus</i>), stinglax (marbendill) (<i>Lepidopus caudatus</i> , <i>Aphanopus carbo</i>), hákarl (allar tegundir), slöngumakríll (<i>Lepidocybium flavobrunneum</i> , <i>Ruvettus pretiosus</i> , <i>Gempylus serpens</i>), styrjur (<i>Acipenser</i> spp.), sverðfiskur (<i>Xiphias gladius</i>), túnfiskar (<i>Thunnus</i> spp.)	1,0	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

4. þáttur: 3-einklórprópan-1,2-díól (3-MCPD)

Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
4.1. Vatnsrofið jurtaþrótín ⁽²⁴⁾	0,02	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
4.2. Sojasósa ⁽²⁴⁾	0,02	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

⁽¹⁾ Þessi þáttur er þegar í reglugerð (EB) nr. 194/97 og er endurtekkinn hér án breytinga.

⁽²⁾ Hámarksviðmiðunargildi fyrir ferskt spínat gilda ekki um ferskt spínat sem setja skal í vinnslu og sem er flutt í lausri vigt beint af akri í vinnslustöð.

⁽³⁾ Háð endurskoðun fyrir 1. janúar 2002 samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. gr.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 207, 15.8.1979, bls. 26.

⁽⁵⁾ Vanti viðeigandi merkingar sem segja til um framleiðsluaðferð skulu mörkin, sem sett hafa verið fyrir salat ræktað undir berum himni, gilda.

⁽⁶⁾ Ákvæði um hámarksviðmiðunargildi skulu gilda um ætan hluta jarðhnetna, hnetna og þurrkaðra ávaxta. Ef hnetur eru efnagreindar „með skurm“ skulu útreikningar á innihaldi aflatoxína miðast við að öll mengandi efni séu í æta hlutanum.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 93.

⁽⁸⁾ Endurskoða skal ákvæði um hámarksviðmiðunargildi fyrir 1. júlí 2001 með hliðsjón af framförum á sviði vísinda- og tækniþekkingar.

⁽⁹⁾ Hafi ákvæði um hámarksviðmiðunargildi ekki verið sett fyrir 1. júlí 2001 skulu þau ákvæði sem fram koma í lið 2.1.2.1 í töflunni gilda framvegis um korn sem um getur í þessum lið.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 368, 31.12.1994, bls. 33.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 14.

⁽¹³⁾ Hámarksviðmiðunargildi eiga við um afurðir sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirætlum frá framleiðandanum.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 121, 29.7.1964, bls. 2012.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 243, 11.10.1995, bls. 7.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. EB L 55, 8.3.1971, bls. 23.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 31.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

⁽²⁰⁾ Stjtið. EB L 197, 3.8.2000, bls. 26.

⁽²¹⁾ Stjtið. EB L 244, 30.9.1993, bls. 23.

⁽²²⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

⁽²³⁾ Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

⁽²⁴⁾ Hámarksviðmiðunargildi er gefið upp fyrir afurðina á vökvaformi með 40% þurrefnainnihaldi sem samsvarar hámarksviðmiðunargildinu 0,05 mg/kg í þurrefninu. Aðlaga þarf mörkin hlutfallslega í samræmi við þurrefnisinnihald afurðanna.

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Núgildandi reglugerð	Reglugerð (EB) nr. 194/97
—	1. gr.
1. mgr. 1. gr.	a-liður 1. mgr. 2. gr.
1. mgr. 2. gr.	b-liður 1. mgr. 2. gr.
1. mgr. 2. gr.	c-liður 1. mgr. 2. gr.
1. mgr. 3. gr.	2. mgr. 2. gr.
1. mgr. 3. gr.	3. mgr. 2. gr.
2. mgr. 4. gr.	4. mgr. 2. gr.
3. mgr. 4. gr.	5. mgr. 2. gr.
2. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
1. mgr. 5. gr.	3. mgr. 3. gr.
3. mgr. 1. gr.	4. gr.
1. þáttur, „Nítröt“ í I. viðauka	1. tölul., „Nítröt“ í I. viðauka, Mengunarefni í landbúnaði,
2. þáttur, „Sveppaeitur (mýkótoxín)“ í I. viðauka	2. tölul., „Sveppaeitur (mýkótoxín)“ í I. viðauka, Mengunarefni í landbúnaði,
—	II. viðauki, „Önnur mengunarefni“

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2375/2001****frá 29. nóvember 2001****um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum.**

(Texti sem varðar EES)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 ⁽²⁾ er mælt fyrir um að innihald mengunarefna í matvælum skuli ekki vera meira en tilgreint er í þeirri reglugerð.
- 2) Heitið „díoxín“ nær yfir hóp 75 fjöklóraðra díbenzóp-díoxína („PCDD“) og 135 efni skyld fjöklóruðu díbensófurani, en 17 þeirra eru eitruð. Eitraðast af skyldu efnunum er 2,3,7,8-tetraklórdíbensó-p-díoxín (TCDD) en það hefur verið flokkað af Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnuninni og öðrum viðurkenndum alþjóðastofnunum sem þekktur krabbameinsvaldur hjá mönnum. Vísindanefndin um matvæli hefur komist að þeirri niðurstöðu, í samræmi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, að díoxín sé ekki krabbameinsvaldandi við gildi sem eru undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Aðrar neikvæðar verkanir, svo sem legslímuvilla, taugaatferlis- og ónæmisbælandi verkanir, koma fram við mun lægri gildi og eru því álitin skipta máli við ákvörðun um viðunandi magn í fæðu.
- 3) Fjöklóruð bifenyli („PCB“) eru hópur 209 mismunandi skyldra efna sem skipta má í tvo hópa í samræmi við eiturefnafræðilega eiginleika þeirra: 12 skyld efni hafa eiturefnafræðilega eiginleika sem

líkjast díoxínum og eru því oft nefnd „PCB-efni sem líkjast díoxíni“. Hin PCB-efnin hafa ekki eiturrhif sem líkjast díoxíni heldur aðra eiturefnafræðilega eiginleika.

- 4) Öll efni, sem eru skyld díoxínum, eða PCB-efni, sem líkjast díoxíni, hafa missterk eiturrhif. Í því skyni að mögulegt sé að taka saman eiturrhif þessara mismunandi skyldu efna hefur hugtakið „jafngildisstuðlar fyrir eitrunarhrif“ („TEFs“) verið tekið upp til að greiða fyrir áhættumati og eftirliti. Þetta þýðir að niðurstaða greiningar á öllum hinum 17 skyldu díoxínum og 12 PCB-efnum, sem líkjast díoxíni, er sett fram með einni magnbundinni einingu: „TCDD-eiturjafngildisstyrkur“ („TEQ“).
- 5) Díoxín og PCB sýna mikið viðnám við efnafræðilegu og líffræðilegu niðurbroti og eru því þrávirkt í umhverfinu og safnast fyrir í fôður- og fæðukeðjunni.
- 6) Yfir 90% þeirra váhrifa, sem menn verða fyrir af völdum díoxíns, má rekja til matvæla. Matvæli úr dýrarikinu stuðla yfirleitt að u.þ.b. 80% af heildarváhrifum. Uppsöfnun díoxíns í dýrum er að mestu leyti rakín til fôðurs. Því veldur fôður, og í sumum tilfellum jarðvegur, áhyggjum sem hugsanleg uppspretta díoxína.
- 7) Vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli samþykkti 30. maí 2001 álitserð um áhættumat fyrir díoxín og PCB-efni sem líkjast díoxínum og er um að ræða uppfærslu sem byggist á nýjum vísindaupplýsingum sem fengust þegar vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli samþykkti álitserð um þetta málefni 22. nóvember 2000. Vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli hefur ákvarðað vikuleg neysluþölmörk fyrir díoxín og PCB-efni, sem líkjast díoxíni, sem eru 14 þg eiturefnaeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO-TEQ)/kg miðað við líkamsþyngd. Mat á váhrifum sýnir að í matvælum mikils hluta almennings í bandalaginu er of stór skammtur af díoxíni og PCB-efnum, sem líkjast díoxínum, miðað við vikuleg neysluþölmörk. Tilteknir hópar íbúa í ákveðnum löndum gætu verið í meiri hættu vegna sérstaks mataræðis.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.⁽²⁾ Stjóð. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.

- 8) Til að tryggja vernd neytenda er því mikilvægt og nauðsynlegt að díoxínváhrif sem verða við neyslu matvæla séu minnkuð. Mælst hefur sérlega mikið magn díoxína í ákveðnum matvælaflokkum. Þar sem mengun matvæla er náteynd mengun fódurs verður að samþykkja samþætta aðferð til að minnka útbreiðslu díoxíns í fæðukeðjunni, þ.e. úr fóðurefnum yfir í dýr sem gefa af sér afurðir og þaðan í menn.
- 9) Vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli hefur mælt með áframhaldandi átaki til að losun díoxína og skyldra efnasambanda út í umhverfið verði eins lítil og gerlegt er. Þetta er árangursríkasta og skilvirkasta leiðin til að minnka magn díoxína og samsvarandi efna í fæðukeðjunni og til að tryggja viðvarandi lækun álags á mannlíkamann. Vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um matvæli hefur vakið athygli á því að nýlegar rannsóknir á móðurmjólk og mannaþóði sýna að díoxínmagn fer ekki lengur minnkandi.
- 10) Hámarksviðmiðunargildi díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, eru heppilegt tæki til að koma í veg fyrir óæskilega mikil váhrif á menn og til að koma í veg fyrir dreifingu óhæfilega mengaðra matvæla, t.d. ef um er að ræða mengun og váhrif fyrir slýsni. Enn fremur er nauðsynlegt að ákvarða hámarksviðmiðunargildi til að koma á skyldubundnu eftirliti og til að tryggja samræmda beitingu.
- 11) Ekki er nægilega áhrifaríkt að beita ráðstöfunum sem byggjast eingöngu á því að ákvarða hámarksviðmiðunargildi díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í matvælum til að draga úr váhrifum á menn af völdum díoxína nema gildið sé ákvarðað svo lágt að meginhluti matvæla sé dæmdur óhæfur til manneldis. Almenn er viðurkennt að auk þess að styðjast við hámarksviðmiðunargildi til að draga á áhrifaríkan hátt úr tilvist díoxína í matvælum skuli gera ráðstafanir til að hvetja til virkra aðgerða, þ.m.t. að beita aðgerðarmarki og viðmiðunarmarki fyrir matvæli í tengslum við ráðstafanir til að takmarka losun. Viðmiðunarmark gefur til kynna gildi, sem stefnt er að því að ná, til að minnka váhrif á meirihluta almennings niður í vikuleg neysluþolmörk (TWI) sem vísindanefndin um matvæli ákvarðar. Viðmiðunarmark er teki fyrir lögber yfirvöld og rekstraraðila til að beina athyglinni að þeim tilvikum þar sem rétt þykir að aukenna mengunarvaldinn og grípa til ráðstafana til að draga úr áhrifum hans eða eyða honum, ekki eingöngu af því að það samræmist ekki ákvæðum þessarar reglugerðar heldur einnig ef fram kemur að innihald díoxína í matvælum er hærra en eðlilegt bakgrunnsgildi. Þessi nálgun mun verða til þess að innihald díoxína í matvælum mun smám saman minnka og endanlega munu viðmiðunarmörk nást. Því beinir framkvæmdastjórnin tilmælum um þetta efni til aðildarríkjanna.
- 12) Í eiturefnafræðilegu tilliti skulu öll gildi eiga við um díoxín, fúrön og PCB-efni sem líkjast díoxíni en sem stendur eru hámarksviðmiðunargildi einungis ákvörðuð fyrir díoxín og fúrön en ekki fyrir PCB-efni sem líkjast díoxíni, þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um algengi hinna síðarnefndu. Sérstaklega verður haldið áfram að vakta tilvist PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í því skyni að þessi efni heyrir einnig undir ákvæði um hámarksviðmiðunargildi.
- 13) Meta skal hvort díoxíninnihald matvæla sé óásættanlegt í ljósi gildandi bakgrunnsgilda varðandi mengun en þau eru mismunandi frá einni fæðutegund til annarrar. Hámarksviðmiðunargildi skal ákvarðað á ströngu en framkvæmanlegu stigi, að teknu tilliti til bakgrunnsmengunar.
- 14) Til að tryggja að allir rekstraraðilar, sem koma við sögu í fæðukeðjunni, leggi sig alla fram og geri allt sem nauðsynlegt reynist til að takmarka tilvist díoxína í fóðri og matvælum skulu gildandi hámarksviðmiðunargildi endurskoðuð innan tilskilins frests í því skyni að lækka hámarksviðmiðunargildin. Fyrir árið 2006 skal hafa tekist að minnka heildarváhrif, sem menn verða fyrir af völdum díoxína, um a.m.k. 25%.
- 15) Einkum er mælt fyrir um hámarksviðmiðunargildi fyrir matvæli úr dýraríkinu. Eins og sakir standa gilda engin hámarksviðmiðunargildi um afurðir svo sem hrossakjöt, geitakjöt, kanínukjöt og egg anda, gæsa og kornhæna. Einungis liggja fyrir takmörkuð gögn um algengi díoxína í þessum matvælum. Þar að auki hafa þau takmarkaða þýðingu fyrir neysluna og enn sem komið er hefur ekki verið mælt fyrir um neitt hámarksviðmiðunargildi. Ekki er heldur til neitt hámarksviðmiðunargildi fyrir korn, ávexti og grænmeti þar sem þessi matvæli eru almennt lítið menguð og eiga því einungis lítinn þátt í heildarváhrifum á menn af völdum díoxína. Þó er við hæfi að haft sé reglulegt eftirlit með magni díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í þessum matvælum.
- 16) Jurtaolíur innihalda almennt ekki marktækt magn díoxína eða PCB-efna sem líkjast díoxíni. Þar sem jurtaolíur eru markaðssettar reglulega eða notaðar sem innihaldsefni í matvæli í blöndu með dýrafitu er rétt að ákvarða í eftirlitsskyni hámarksviðmiðunargildi fyrir jurtaolíur.
- 17) Fyrirliggjandi gögn gera ekki kleift að ákvarða hámarksviðmiðunargildi fyrir mismunandi tegundir af fiski og fiskafurðum. Hámarksviðmiðunargildi fyrir díoxín í fiskifóðri gerir það að verkum að díoxínmagn í eldisfiski er mun lægra. Þegar frekari gögn liggja fyrir kann að vera rétt að mæla fyrir um mismunandi gildi fyrir hinar ýmsu tegundir fiskis og fiskafurða eða að undanþiggja fisktegundir hafi þær takmarkaða þýðingu fyrir neysluna.

- 18) Ákveðnar fisktegundir, upprunnar á Eystrasaltssvæðinu, geta innihaldið mikið magn díoxíns. Marktækur hluti feitfisks af Eystrasaltssvæðinu, svo sem Eystrasaltssild og -lax, mun ekki vera í samræmi við hámarksviðmiðunargildi og yrði því ekki hluti af mataræði Svía og Finna. Ýmislegt bendir til þess að ef fiski er sleppt úr mataræðinu geti það haft slæm áhrif á heilsufar í Svíþjóð og Finnlandi. Í Svíþjóð og Finnlandi er til kerfi sem getur tryggt að neytendur séu nægilega vel upplýstir um þau tilmæli um mataræði, er varða takmarkanir á því að tiltekni þjóðfélags hópar, sem eru veikir fyrir, neyti fisks frá Eystrasaltssvæðinu, í því skyni að forðast hugsanlega heilsufarshættu.
- 19) Eftirlitsgögn sýna að í eggjum útihæna eða hæna í hálfþéttbæru eldi (semi-intensive) er meira magn díoxína en í eggjum búrhæna. Heimilt er að gera ráðstafanir til að tryggja að díoxíninnihald þessara eggja sé minnkað. Því er viðeigandi að kveða á um aðlögunartíma áður en hámarksviðmiðunargildi eru tekin upp fyrir egg útihæna eða hæna í hálfþéttbæru eldi.
- 20) Mikils er um vert að díoxínmengun matvæla sé minnkuð. Það er því nauðsynlegt að setja bann við því að blanda matvælum, þar sem farið er að hámarksviðmiðunargildum, saman við matvæli sem fara yfir þessi hámarksviðmiðunargildi.
- 21) Með hliðsjón af ósamræmi milli aðildarríkjanna og hættu á röskun á samkeppni af þeim sökum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir innan bandalagsins í því skyni að stuðla að heildstæðum markaði og halda jafnframt meðalhófsregluna í heiðri.
- 22) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.
- 23) Haft hefur verið samráð við vísindanefndina um matvæli varðandi ákvæði, sem geta haft áhrif á almannaheilbrigði, í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 315/93.
- 24) Fastanefndin um matvæli skilaði ekki jákvæðu álit. Framkvæmdastjórnin hefur því ekki getað samþykkt þau ákvæði sem hún fyrirhugaði að setja samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 315/93.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við í 1. gr.:

„1a. Þrátt fyrir 1. lið er Svíþjóð og Finnlandi heimilt, á aðlögunartímabili sem varir til 31. desember 2006, að setja á markað fisk, upprunninn á Eystrasaltssvæðinu,

sem ætlaður er til neyslu á yfirráðasvæði þeirra, og sem inniheldur meira magn díoxíns en gert er ráð fyrir í tölu. 5.2 í 5. þætti I. viðauka, að því tilskildu að til sé kerfi sem tryggir að neytendur séu nægilega vel upplýstir um þau tilmæli um mataræði, er varða takmarkanir á því að tiltekni þjóðfélags hópar, sem eru veikir fyrir, neyti fisks frá Eystrasaltssvæðinu, í því skyni að forðast hugsanlega heilsufarshættu.

Farið verður með alla síðari beitingu þessarar undanþágu í ljósi endurskoðunar á 5. þætti I. viðauka eins og kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr.

Finnland og Svíþjóð skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir 31. desember ár hvert um niðurstöður vöktunar þeirra á magni díoxína í fiski frá Eystrasaltssvæðinu og gefa skýrslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að minnka váhrif á menn af völdum díoxína úr fiski frá Eystrasaltssvæðinu.“;

2. Eftirfarandi grein er skotið inn:

„4. gr. a

Að því er varðar díoxín í afurðum sem um getur í 5. þætti I. viðauka skal vera óheimilt:

- a) að blanda afurðum, sem samræmast hámarksviðmiðunargildi, saman við afurðir þar sem farið er yfir hámarksviðmiðunargildi;
- b) að nota afurðir sem samræmast ekki hámarksviðmiðunargildi sem innihaldsefni við framleiðslu annarra matvæla;“;

3. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr.:

„3. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða 5. þátt I. viðauka, í fyrsta sinn eigi síðar en 31. desember 2004, í ljósi nýrra gagna um tilvist díoxína og PCB-efna sem líkjast díoxíni, einkum í því skyni að PCB-efni sem líkjast díoxíni, falli undir gildin sem verða ákvörðuð.

Frekari endurskoðun á 5. þætti I. viðauka skal fara fram eigi síðar en 31. desember 2006 með það að markmiði að lækka hámarksviðmiðunargildin verulega og hugsanlega að mæla fyrir um hámarksviðmiðunargildi fyrir önnur matvæli.“;

4. Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 2002.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2001.

Fyrir hönd ráðsins,
M. VANDERPOORTEN
forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 5. þáttur bætist við í I. viðauka:

„5.þáttur: Díoxín (summa fjöklóraðra díbensóparadíoxína (PCDD) og fjöklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp í eiturefnaeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með notkun WHO-TEF (jafngildisstuðlar fyrir eitrunaráhrif, 1997)

Afurðir	Hámarksviðmiðunargildi (PCDD + PCDF) (1) (pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita eða afurð)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
5.1.1. Kjöt og kjötafurðir (2) af			
— jörturdýrum (nautgripum, sauðfé)	3 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2) (3)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
— alifuglum og öldum, villtum dýrum	2 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2) (3)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
— svinum	1 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2) (3)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
5.1.2. Lifur og afurðum úr henni	6 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2) (3)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
5.2. Fiskkjöt og fiskafurðir (4) og afurðir úr því	4 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g votvigt (2)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
5.3. Mjólk (6) og mjólkurafurðir, þ.m.t. smjörfita	3 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2) (3)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
5.4. Hæuegg og eggjaafurðir(7) (8)	3 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2) (3)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
5.5. Olíur og fitur			
— dýrafita			
— úr jörturdýrum	3 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
— úr alifuglum og öldum villtum dýrum	2 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
— úr svinum	1 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
— blönduð dýrafita	2 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
— jurtaolía	0,75 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2)	Tilskipun 2001/.../EB (*)	Tilskipun 2001/.../EB (*)
— lýsi til manneldis	2 pg WHO-PCDD/F-TEQ/g fita (2)		

(*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar sem ber að samþykka fyrir 1. júlí 2002.

(1) Efri styrkur; Efri styrkur er reiknaður að því gefnu að gildi mismunandi skyldra efna, sem eru undir ákvörðunarmörkunum, séu jöfn ákvörðunarmörkunum.

(2) Endurskoða skal þessi hámarksviðmiðunargildi í fyrsta sinn fyrir 31. desember 2004 í ljósi nýrra gagna um tilvist díoxína og PCB-efna sem líkjast díoxíni, einkum í því skyni að fella PCB-efni, sem líkjast díoxíni, inn í þau gildi sem sett verða og sem verða síðan endurskoðuð frekar fyrir 31. desember 2006 með það að markmiði að lækka hámarksviðmiðunargildin verulega.

(3) Hámarksviðmiðunargildin eiga ekki við matvælaafurðir sem innihalda < 1 % fitu.

(4) Kjöt af nautgripum, sauðfé, svinum, alifuglum og öldum, villtum dýrum eins og það er skilgreint í a-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 64/433/EBE (Stjtið. EB L 121, 29.7.1964, bls. 2012/64), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 95/23/EB (Stjtið. EB L 243, 11.10.1995, bls. 7) og 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 71/118/EBE (Stjtið. EB L 55, 8.3.1971, bls. 23), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/64/EB (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 31), og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/495/EBE (Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 41), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/65/EB (Stjtið. EB L 368, 31.12.1994, bls. 10), að frátöldu ætu slátri samkvæmt skilgreiningu í e-lið 2. gr. tilskipunar 64/433/EBE og 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 71/118/EBE.

(5) Fiskkjöt og fiskafurðir samkvæmt skilgreiningu í flokkum a, b, c, e og f í skránni í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22). Hámarksviðmiðunargildið á við um krabbadýr, að frátöldu brúnu krabbakjöti, og smokkfiska án innflya.

(6) Mjólk (hrámmjólk, mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk, hitameðhöndluð mjólk samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 92/46/EBE (Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 1) eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 96/23/EB (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

(7) Hæuegg og eggjaafurðir samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/437/EBE (Stjtið. EB L 212, 22.7.1989, bls. 87) eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 96/23/EB (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

(8) Egg úthæna og hæna í hálfþéttbaru eldi, samkvæmt skilgreiningu í 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) 1274/91 (Stjtið. EB L 121, 16.5.1991, bls. 11), eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1651/2001 (Stjtið. EB L 220, 15.8.2001, bls. 5), skulu vera í samræmi við hámarksviðmiðunargildi frá og með 10. janúar 2004.“

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 257/2002**

frá 12. febrúar 2003

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum og reglugerð (EB) nr. 466/2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1566/1999 ⁽³⁾, eru ákvörðuð hámarksviðmiðunargildi [3: hámarksmagn] fyrir aflatoxín B1 og heildarmagn aflatoxína í tilteknum matvælum. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 frá 8. mars 2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2375/2001 ⁽⁵⁾, fellir úr gildi og kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 194/97 frá og með 5. apríl 2002.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 194/97 er kveðið á um að hámarksviðmiðunargildi fyrir hnetur og þurrkaða ávexti, sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en þau eru notuð til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum, skuli endurskoða fyrir 1. júlí 2001 í ljósi framfara á sviði vísinda- og tæknipækningar, einkum að því er varðar skilvirki flokkunarinnar eða annarrar meðferðar við það að draga úr magni aflatoxína.
- 3) Að því er þetta varðar hafa einungs verið lögð fram gögn er varða möndlur. Gögnin sýndu fram á að hinar ýmsu flokkunar- og aflrænu aðferðir drógu verulega úr aflatoxíninnihaldi óunninna mandla í neysluvöru. Þó er erfitt að meta hversu víðtæk lækkin er vegna þess hversu breytileg gögnin eru. Því er við hæfi að halda núgildandi hámarksviðmiðunargildum óbreyttum enda séu þau háð endurskoðun.
- 4) Í reglugerð (EB) nr. 194/97 er, að því er varðar korn sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en það er notað til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum, kveðið á um að ef ekki hefðu verið sett ákveðin gildi fyrir 1. júlí 2001 skyldu gildin, sem sett voru fyrir korn ætlað til beinnar neyslu, gilda þaðan í frá. Ástæða þessa var sú að hvað korn varðar er ekki hægt að útiloka að draga megi úr aflatoxínmengun með flokkun eða öðrum aflrænum aðferðum, en ekki hefur verið sýnt fram á raunverulegan árangur þessarar aðferðar. Einnig var kveðið á um að meðan ekki væru fyrirleggjandi gögn sem rökstyddu sérstök hámarksviðmiðunargildi fyrir óunnið korn skyldu gildin 2 µg/kg af aflatoxíni B1 og 4 µg/kg af heildarmagni aflatoxíns gilda.
- 5) Að því er þetta varðar hafa einungs verið lögð fram gögn er varða máis. Þrátt fyrir stöðuga vöktun í meira en tvö ár voru niðurstöður þær að einungis takmarkaður fjöldi framleiðslueininga væri mengaður. Möguleikinn á að sýna fram á árangur af flokkun, hreinsun og öðrum aflrænum aðferðum var af þeim sökum takmarkaður. Á grundvelli þessara takmörkuðu gagna er ljóst að með hinum ýmsu flokkunar- og aflrænu aðferðum er hægt að minnka verulega aflatoxíninnihald óunnins máis eftir hreinsun í neysluvöru (flögur og korn). Aflatoxínmengun var að helst að finna í úrgangi og í minna mæli í maískími, klíðismjöli og brotnum máis (afurðir í dýrafóður). Þar sem gögnin eru takmörkuð og breytileg er ekki mögulegt að meta tölulega og með vissu að hvaða marki hægt er að ná fram þessari lækkun. Þar sem þörf er á frekari gögnum áður en hægt er að komast að lokaniðurstöðu er við hæfi að framlengja í síðasta sinn fyrir máis það tímabil sem ekki eru ákvörðuð gildi fyrir.
- 6) Engin gögn hafa verið lögð fram fyrir óunnið korn, annað en máis, og því skulu hámarksviðmiðunargildin sem ákvörðuð hafa verið fyrir korn ætlað til manneldis, einnig gilda frá og með 1. júlí 2001 um korn sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en það er notað til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum.
- 7) Mikils er um vert að þessi hámarksviðmiðunargildi öðlist gildi eins fljótt og auðið er og haldist í gildi eftir að reglugerð (EB) nr. 466/2001 hefur komið í stað reglugerðar (EB) nr. 194/97. Því ber að breyta báðum þessum reglugerðum í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjirtö. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.⁽²⁾ Stjirtö. EB L 31, 1.2.1997, bls. 48.⁽³⁾ Stjirtö. EB L 184, 17.7.1999, bls. 17.⁽⁴⁾ Stjirtö. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjirtö. EB L 321, 6.12.2001, bls. 1.

- 8) Ráðstafanimar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tölul. 2., Aflatoxín, í I. þætti viðauka við reglugerð (EB) nr. 194/97:

1. Eftirfarandi komi í stað tölul. 2.1.1 og 2.1.2:

Afurðir	Aflatoxín: leyfilegt hámarksviðmiðunargildi (¹) (µg/kg)			Sýnatöku- aðferð	Tilvísunargreiningar- aðferð
	B ₁	B ₁ + B ₂ + G ₁ + G ₂	M ₁		
„2.1.1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir					
2.1.1.1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir og unnar afurðir úr þeim, ætluð beint til mannelis eða sem innihaldsefni í matvælum	2 (⁴)	4 (⁴)	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.1.2. Jarðhnetur sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en þær eru notaðar til mannelis eða sem innihaldsefni í matvælum	8 (⁴)	15 (⁴)		Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.1.3. Hnetur og þurrkaðir ávextir sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en þau eru notuð til mannelis eða notuð sem innihaldsefni í matvælum	5 (⁴)	10 (⁴)	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum</i> sp.)					
2.1.2.1. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum</i> spp.) og unnar afurðir úr því sem nota á beint til mannelis eða sem innihaldsefni í matvælum	2	4	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2.2. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum</i> spp.), sem á að flokka eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum, áður en það er notað til mannelis eða sem innihaldsefni í matvælum	2	4	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2.3. Más sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en hann er notaður til mannelis eða sem innihaldsefni í matvælum	—	—	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB*

2. Neðanmálsgrein 5 falli brott.

3. Neðanmálsgrein 6 falli brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tölu. 2.1, Aflatoxín, í 2. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001:

1. Eftirfarandi komi í stað tölul. 2.1.1 og 2.1.2:

Afurðir	Aflatoxín: leyfilegt hámarksviðmiðunargildi (¹) (µg/kg)			Sýnatöku- aðferð	Tilvísunargreiningar- aðferð
	B ₁	B ₁ + B ₂ + G ₁ + G ₂	M ₁		
„2.1.1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir					
2.1.1.1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir og unnar afurðir úr þeim, ætluð beint til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	2 ⁽⁶⁾	4 ⁽⁶⁾	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.1.2. Jarðhnetur sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	8 ⁽⁶⁾	15 ⁽⁶⁾		Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.1.3. Hnetur og þurrkaðir ávextir sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en þau eru notuð til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	5 ⁽⁶⁾	10 ⁽⁶⁾	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum</i> spp.)					
2.1.2.1. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum</i> sp.) og unnar afurðir úr því sem nota á beint til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	2	4	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2.2. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum</i> spp.), sem á að flokka eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum, áður en það er notað til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	2	4	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2.3. Máis sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aflrænum aðferðum áður en hann er notaður til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	— ⁽⁹⁾	— ⁽⁹⁾	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB ⁴⁴

2. Neðanmálgrein 8 falli brott.

3. Neðanmálgrein 9 falli brott.

„⁽⁹⁾ Hafi ekkert ákveðið gildi verið ákvarðað fyrir 1. júlí 2003 skulu þau gildi sem fram koma í tölu. 2.1.2.1 í töflunni eiga við um máis, sem um getur í þessum lið, þaðan í frá.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 1. og 3. gr. skulu gilda frá og með deginum eftir að þær eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 5. apríl 2002.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna, nr. 528 18. ágúst 1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Fyrirsögn töluliðar 9.2 orðast svo: **Afleysingamenn og héraðslögreglumenn.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. kafla reglugerðarinnar:

- a. Fyrirsögn töluliðar 11.3 orðast svo: **Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra.**
- b. Töluliður 11.4 fellur brott og breytist röð liða samkvæmt því.
- c. Fyrirsögn töluliðar 11.5, er verður töluliður 11.4, orðast svo: **Yfirlögregluþjónar.**
- d. Fyrirsögn töluliðar 11.6, er verður töluliður 11.5, orðast svo: **Aðstoðaryfirlögregluþjónar.**
- e. Fyrirsögn töluliðar 11.7, er verður töluliður 11.6, orðast svo: **Aðalvarðstjórar/Lögreglufulltrúar.**
- f. Fyrirsögn töluliðar 11.8, er verður töluliður 11.7, orðast svo: **Varðstjórar/Rannsóknarlögreglumenn.**
- g. Fyrirsögn töluliðar 11.9, er verður töluliður 11.8, orðast svo: **Aðstoðarvarðstjórar.**
- h. Töluliðir 11.10, 11.11, 11.12, 11.13 og 11.14 falla brott.
- i. Tveir nýir töluliðir bætast við, svohljóðandi:

11.9 Lögreglumenn.

Á smeygnum skal vera einn gylltur borði, 6 mm, nær axlarbrún og einn borði, 3 mm, nær kraga.

11.10 Lögreglumenn, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn.

Á smeygnum skal vera einn gylltur borði, 3 mm, nær kraga.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. ágúst 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.



Stöðueinkenni og merki lögreglunnar

Stöðuheiti	Lögreglu-númer	Einkennis-húfa 1	Einkennis-húfa 2	Axlarsproti jakka 1	Axlarsmeygur	Kragahorn á jakka 1	Ermar á jakka	Armmerki	Húfumerki
Ríkislögreglustjóri									
Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins									
Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra									
Yfir lögregluþjónar	X								
Aðstoðaryfir lögregluþjónar	X								
Aðalvarðstjórar/lögregluulltrúar	X								
Varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn	X								
Aðstoðarvarðstjórar	X								
Lögreglumenn	X								
Lögreglumenn, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn	X								

